

Tilbrigði

í íslenskri setningagerð

II. Helstu niðurstöður

Tölfræðilegt yfirlit

Ritstjórar

Höskuldur Þráinsson,
Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson

Aðrir höfundar

Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson,
Guðrún Þórðardóttir, Heimir Freyr Viðarsson, Hlíf Árnadóttir,
Jóhannes Gísli Jónsson, Matthew J. Whelpton, †Salbjörg Óskarsdóttir,
Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir, Tania E. Strahan,
Theódóra A. Torfadóttir, Þórhallur Eyþórsson, Þórunn Blöndal

Málvísindastofnun Háskóla Íslands
Reykjavík 2015

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

Útgefandi: Málvísindastofnun Háskóla Íslands
www.malvis.hi.is

©2015 Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Dreifing: Háskólaútgáfan (Distribution: University of Iceland Press)
Dunhaga 18, IS-107 Reykjavík, ICELAND
<http://haskolautgafan.hi.is/>, hu@hi.is

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis
Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tölvuvinnsla: Höskuldur Þráinsson
Kápa: Margrét Lára Höskuldsdóttir
Prentun: Litlaprent
www.prent.is

ISBN: 978-9979-853-52-7

Listi yfir höfunda efnis eins og hann birtist í I. bindi:

Höfundar efnis

(hér er í aðalatriðum miðað við þau störf eða stöðu sem höfundar höfðu meðan á rannsókninni stóð, en upplýsingar og netföng hafa sums staðar verið uppfærð)

Ásgrímur Angantýsson, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú lektor við Háskólann á Akureyri: *asgrimur@unak.is*

Ásta Svavarsdóttir, rannsóknardósent, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *asta@hi.is*

Einar Freyr Sigurðsson, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi við Univ. of Pennsylvania: *einarsig@babel.ling.upenn.edu*

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *eirikur@hi.is*

Guðrún Þórðardóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *gudrut@ismennt.is*

Heimir Freyr Viðarsson, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi í sömu deild: *hfv3@hi.is*

Hlíf Árnadóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *hlifa@hi.is*

Höskuldur Þráinsson, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *hoski@hi.is*

Jóhannes Gisli Jónsson, aðjunkt, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *jj@hi.is*

Matthew J. Whelpton, dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands: *whelpton@hi.is*

†**Salbjörg Óskarsdóttir**, BA-nemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands (Salbjörg lést áður en rannsóknarverkefningu lauk)

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *siggasig@hi.is*

Sigrún Steingrímsdóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú kennari við Kvenmaskólann í Reykjavík: *sigrumst@kvenmo.is*

Tania E. Strahan, nýdoktor, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú starfsmaður Appen Butler Hill, Sydney: *tania.strahan@gmail.com*

Theódóra A. Torfadóttir, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *tat@hi.is*

Þórhallur Eypórsson, sérfræðingur, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands: *tolli@hi.is*

Þórunn Blöndal, dósent, Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands: *thorumb@hi.is*

Efnisyfirlit

II. Helstu niðurstöður – Tölfræðilegt yfirlit

Inngangur að II. bindi	
Hvað er í þessu bindi?	13
Hvaða gagn má hafa af tölfræðilega yfirlitinu?	13
Hvernig er vísað í einstakar kannanir og dæmi?	14
Summary	14
6. Um tölfræðiyfirlitið (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson)	
6.0 Inngangur	15
6.1 Gagnavinnslan	15
6.2 Nokkur tölfræðihugtök og notkun þeirra í bókinni	20
6.3 Vixlverkun breyta	23
6.4 Frekari dæmi um framsetningu á niðurstöðum	24
6.4.1 <i>Að skilgreina nýjar breytur og reikna meðaltal</i>	24
6.4.2 <i>Að búa til súlurit og línurit</i>	29
6.5 Lokaorð	32
Rit sem vísað er til í þessum kafla	32
Summary	32
7. Fallmörkun (Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eyþórsson, Ásta Svavarsdóttir, Þórunn Blöndal)	
7.1 Athugunarefnið	33
7.1.1 <i>Þágufallshneigð</i>	33
7.1.2 <i>Nefnifallshneigð</i>	34
7.1.3 <i>Andlagsfall</i>	35
7.1.4 <i>Fallglötun og fallflutningur</i>	37
7.2 Þágufallshneigð	38
7.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	38
7.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	42
7.2.2.1 Aldur	42
7.2.2.2 Menntun	45
7.2.2.3 Kyn	48
7.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	49
7.2.4 <i>Samantekt</i>	51
7.3 Nefnifallshneigð	52
7.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	52
7.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	53
7.3.2.1 Aldur	53
7.3.2.2 Menntun	54
7.3.2.3 Kyn	55
7.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	55
7.3.4 <i>Samantekt</i>	56
7.4 Andlagsfall	57
7.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	57
7.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	59
7.4.2.1 Aldur	59
7.4.2.2 Menntun	62
7.4.2.3 Kyn	63
7.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	65
7.4.4 <i>Samantekt</i>	67

7.5	Fallglötun og fallflutningur	68
7.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	68
7.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	69
7.5.2.1	Aldur	69
7.5.2.2	Menntun	70
7.5.2.3	Kyn	71
7.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	71
7.5.4	<i>Samantekt</i>	72
7.6	Lokaorð	72
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	73
	Summary	75
8.	Um þolmynd, germynd og það (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir, Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eypórsson)	
8.1	Athugunarefnið	77
8.1.0	<i>Imgangur</i>	77
8.1.1	<i>Leppsetningar og skyld dæmi</i>	78
8.1.2	<i>Hefðbundin þolmynd og þolmörk hennar</i>	80
8.1.3	<i>Nýja þolmyndin</i>	82
8.2	Leppsetningar og skyld dæmi	84
8.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	84
8.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	86
8.2.2.1	Aldur	86
8.2.2.2	Menntun	87
8.2.2.3	Kyn	89
8.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	90
8.2.4	<i>Samantekt</i>	90
8.3	Hefðbundin þolmynd og þolmörk hennar	91
8.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	91
8.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	93
8.3.2.1	Aldur	93
8.3.2.2	Menntun	94
8.3.2.3	Kyn	96
8.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	97
8.3.4	<i>Samantekt</i>	99
8.4	Nýja þolmyndin	99
8.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	99
8.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	102
8.4.2.1	Aldur	102
8.4.2.2	Menntun	106
8.4.2.3	Kyn	108
8.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	110
8.4.4	<i>Samantekt</i>	115
8.5	Lokaorð	116
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	117
	Summary	118
9.	Um vera að og vera búinn að (Höskuldur Þráinsson, Theódóra A. Torfadóttir)	
9.1	Athugunarefnið	121
9.1.0	<i>Imgangur</i>	121
9.1.1	<i>Vera að í íþróttamáli</i>	123
9.1.2	<i>Útvíkkun framvinduhorfs</i>	124

9.1.3	Vera búinn að og hafa	126
9.2	Vera að í íþróttamáli	126
9.2.1	Almennt yfirlit	126
9.2.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	128
9.2.2.1	Aldur	128
9.2.2.2	Menntun	130
9.2.2.3	Kyn	131
9.2.3	Tengsl við búsetu	132
9.2.4	Samantekt	133
9.3	Útvíkkun framvinduhorfs	133
9.3.1	Almennt yfirlit	133
9.3.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	137
9.3.2.1	Aldur	137
9.3.2.2	Menntun	141
9.3.2.3	Kyn	142
9.3.3	Tengsl við búsetu	144
9.3.4	Samantekt	146
9.4	Um vera búinn að og hafa	147
9.4.1	Almennt yfirlit	147
9.4.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	147
9.4.2.1	Aldur	147
9.4.2.2	Menntun	148
9.4.2.3	Kyn	149
9.4.3	Tengsl við búsetu	149
9.4.4	Samantekt	150
9.5	Lokaorð	151
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	151
	Summary	152
10.	Fornöfn (Höskuldur Þráinsson, Tania E. Strahan)	
10.1	Athugunarefni	155
10.1.0	Imngangur	155
10.1.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	156
10.1.2	Langdræg afturbeyging	158
10.2	Almennt yfirlit	160
10.2.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	160
10.2.2	Langdræg afturbeyging	163
10.2.3	Samantekt	164
10.3	Tengsl við aldur, menntun og kyn	165
10.3.1	Aldur	165
10.3.2	Menntun	169
10.3.3	Kyn	170
10.3.4	Samantekt	171
10.4	Tengsl við búsetu	172
10.5	Lokaorð	173
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	174
	Summary	175
11.	Hættir og tíðir (Höskuldur Þráinsson, Guðrún Þórðardóttir)	
11.1	Athugunarefni	177
11.1.0	Imngangur	177

11.1.1	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	179
11.1.2	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	180
11.1.3	<i>Tíðasamræmi</i>	181
11.2	Almennt yfirlit	182
11.2.1	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	182
11.2.2	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	184
11.2.3	<i>Tíðasamræmi</i>	188
11.2.4	<i>Samantekt</i>	189
11.3	Tengsl við aldur, menntun og kyn	190
11.3.1	<i>Aldur</i>	190
11.3.2	<i>Menntun</i>	193
11.3.3	<i>Kyn</i>	195
11.3.4	<i>Samantekt</i>	196
11.4	Tengsl við búsetu	197
11.5	Lokaorð	199
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	199
	Summary	200
12.	Samræmi (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Jóhannes Gísli Jónsson)	
12.1	Athugunarefni	203
12.1.0	<i>Inngangur</i>	203
12.1.1	<i>Samræmi við nefnifallsandlag</i>	203
12.1.2	<i>Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu</i>	205
12.1.3	<i>Samræmi við hlutaeignarfall</i>	207
12.1.4	<i>Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning</i>	208
12.2	Samræmi við nefnifallsandlag	209
12.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	209
12.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	211
12.2.2.1	<i>Aldur</i>	211
12.2.2.2	<i>Menntun</i>	213
12.2.2.3	<i>Kyn</i>	214
12.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	215
12.2.4	<i>Samantekt</i>	215
12.3	Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu	216
12.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	216
12.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	218
12.3.2.1	<i>Aldur</i>	218
12.3.2.2	<i>Menntun</i>	218
12.3.2.3	<i>Kyn</i>	219
12.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	220
12.3.4	<i>Samantekt</i>	220
12.4	Samræmi við hlutaeignarfall	221
12.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	221
12.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	222
12.4.2.1	<i>Aldur</i>	222
12.4.2.2	<i>Menntun</i>	222
12.4.2.3	<i>Kyn</i>	223
12.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	223
12.4.4	<i>Samantekt</i>	224

12.5 Samræmismörk	225
12.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	225
12.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	225
12.5.2.1 Aldur	225
12.5.2.2 Menntun	226
12.5.2.3 Kyn	227
12.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	227
12.5.4 <i>Samantekt</i>	228
12.6 Lokaorð	228
Rit sem vísað er til í þessum kafla	229
Summary	230
13. Eignarsambönd (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson)	
13.1 Athugunarefni	233
13.1.1 <i>Staða eignarfor nafns og eignarfalls</i>	233
13.1.2 <i>Samspil greinis, eignarfor nafns og eignarfalls</i>	234
13.1.3 <i>Ólafsfjarðareignarfallið</i>	236
13.1.4 <i>Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu</i>	237
13.1.5 <i>Eignarfall persónufornafns og eignarfor nafn í tengdum liðum</i>	239
13.2 Staða eignarfor nafns og eignarfalls	239
13.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	239
13.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	240
13.2.2.1 Aldur	240
13.2.2.2 Menntun	241
13.2.2.3 Kyn	241
13.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	241
13.2.4 <i>Samantekt</i>	242
13.3 Samspil greinis, eignarfor nafns og eignarfalls	242
13.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	242
13.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	244
13.3.2.1 Aldur	244
13.3.2.2 Menntun	247
13.3.2.3 Kyn	249
13.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	250
13.3.4 <i>Samantekt</i>	253
13.4 Ólafsfjarðareignarfallið	253
13.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	253
13.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	253
13.4.2.1 Aldur	253
13.4.2.2 Menntun	254
13.4.2.3 Kyn	255
13.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	256
13.4.4 <i>Samantekt</i>	258
13.5 Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu	259
13.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	259
13.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	260
13.5.2.1 Aldur	260
13.5.2.2 Menntun	263
13.5.2.3 Kyn	264
13.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	265
13.5.4 <i>Samantekt</i>	266

13.6 Eignarfall persónufornafns og eignarforanafn í tengdum liðum	267
13.6.1 <i>Almennt yfirlit</i>	267
13.6.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	267
13.6.2.1 Aldur	267
13.6.2.2 Menntun	268
13.6.2.3 Kyn	269
13.6.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	270
13.6.4 <i>Samantekt</i>	270
13.7 Lokaorð	271
Rit sem vísað er til í þessum kafla	271
Summary	272
14. Kjarnafærsla, stílfærsla, leppsetningar og frumlagseyða (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Heimir Freyr Viðarsson)	
14.1 Athugunarefni	275
14.1.0 <i>Inngangur</i>	275
14.1.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	276
14.1.2 <i>Stílfærsla</i>	278
14.1.3 <i>Leppinnskot</i>	278
14.1.4 <i>Frumlagseyða</i>	279
14.2 Almenn yfirlit	280
14.2.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	280
14.2.2 <i>Stílfærsla</i>	282
14.2.3 <i>Leppinnskot</i>	282
14.2.4 <i>Frumlagseyða</i>	283
14.2.5 <i>Samantekt</i>	283
14.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn	284
14.3.1 <i>Aldur</i>	284
14.3.2 <i>Menntun</i>	288
14.3.3 <i>Kyn</i>	290
14.3.4 <i>Samantekt</i>	291
14.4 Tengsl við búsetu	292
14.5 Lokaorð	294
Rit sem vísað er til í þessum kafla	295
Summary	296
15. Orðaröð í aukasetningum (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson)	
15.1 Athugunarefni	299
15.1.1 <i>Gerðir aukasetninga og aukatengingar</i>	299
15.1.2 <i>S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga</i>	300
15.1.3 <i>Innskots-að og staða sagnar</i>	302
15.1.4 <i>S2 og S3 í nafnháttarsamböndum</i>	303
15.2 Brottfall og innskot tengingar	303
15.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	303
15.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	305
15.2.2.1 Aldur	305
15.2.2.2 Menntun	305
15.2.2.3 Kyn	306
15.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	307
15.2.4 <i>Samantekt</i>	308
15.3 S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga	308
15.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	308

15.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	313
15.3.2.1	Aldur	313
15.3.2.2	Menntun	315
15.3.2.3	Kyn	316
15.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	317
15.3.4	<i>Samantekt</i>	319
15.4	Innskots-að og staða sagnar	319
15.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	319
15.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	321
15.4.2.1	Aldur	321
15.4.2.2	Menntun	322
15.4.2.3	Kyn	323
15.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	323
15.4.4	<i>Samantekt</i>	325
15.5	S2, S3 og þolfall með nafnhætti	325
15.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	325
15.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	326
15.5.2.1	Aldur	326
15.5.2.2	Menntun	326
15.5.2.3	Kyn	326
15.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	327
15.5.4	<i>Samantekt</i>	327
15.6	Lokaorð	327
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	328
	Summary	329
16. Ýmislegt	(Höskuldur Bráinsson, Matthew J. Whelpton, Jóhannes Gísli Jónsson)	
16.1	Athugunarefni	331
16.1.1	<i>Útkomuumsagnir</i>	331
16.1.2	<i>Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði</i>	333
16.1.3	<i>Ósögð aukafallsfrumlög</i>	334
16.1.4	<i>Staða agna</i>	335
16.1.5	<i>Tvöföldun forsetinga, strand og lokkun</i>	336
16.1.6	<i>Ýmis atriði tengd formöfnum og töluorðum</i>	337
16.2	Útkomuumsagnir	338
16.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	338
16.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	340
16.2.2.1	Aldur	340
16.2.2.2	Menntun	341
16.2.2.3	Kyn	342
16.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	343
16.2.4	<i>Samantekt</i>	343
16.3	Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði	344
16.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	344
16.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	344
16.3.2.1	Aldur	344
16.3.2.2	Menntun	345
16.3.2.3	Kyn	346
16.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	346
16.3.4	<i>Samantekt</i>	346
16.4	Ósögð aukafallsfrumlög	347
16.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	347

16.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	347
16.4.2.1	Aldur	347
16.4.2.2	Menntun	348
16.4.2.3	Kyn	349
16.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	349
16.4.4	<i>Samantekt</i>	349
16.5	Staða agna	350
16.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	350
16.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	350
16.5.2.1	Aldur	350
16.5.2.2	Menntun	351
16.5.2.3	Kyn	351
16.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	352
16.5.4	<i>Samantekt</i>	352
16.6	Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun	352
16.6.1	<i>Almennt yfirlit</i>	352
16.6.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	353
16.6.2.1	Aldur	353
16.6.2.2	Menntun	354
16.6.2.3	Kyn	355
16.6.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	355
16.6.4	<i>Samantekt</i>	356
16.7	Ýmis atriði tengd fornöfnum og töluorðum	356
16.7.1	<i>Almennt yfirlit</i>	356
16.7.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	358
16.7.2.1	Aldur	358
16.7.2.2	Menntun	359
16.7.2.3	Kyn	360
16.7.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	360
16.7.4	<i>Samantekt</i>	361
16.8	Lokaorð	362
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	363
	Summary	364

12. Samræmi

Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson,
Jóhannes Gísli Jónsson

12.1 Athugunarefnið

12.1.0 *Immgangur*

Með orðinu *samræmi* í heiti þessa kafla er átt við það að í íslensku er persóna og tala persónubeygðrar sagnar hin sama og einhvers nafnliðar í setningunni, langoftast frumlagsins.¹ Þetta er rifjað upp í (12.1):

- (12.1) a. **Ég** (1p.et.) **les** (1p.et.) bókina. **Þú** (2.p.) **lest** (2.p.et.) bókina.
b. **Hún** (3p.et.) **les** bækurnar. **Þær** (3p.et.) **lesa** bókina.
c. **Við** (1p.ft.) **lesum** (1p.ft.) bókina. **Þið** (2p.ft.) **lesið** (2p.ft.) bókina.

Hér lagar sögnin sig alls staðar að frumlaginu í persónu og tölu. Eins og alkunna er hefur persóna og tala andlagsins engin áhrif á sögnina í dæmum af þessu tagi. Hér er andlagið alltaf þriðja persóna (*bókina*, *bækurnar*) en persóna sagnarinnar breytist eftir því hvert frumlagið er. Það er líka tala frumlagsins en ekki andlagsins sem stýrir tölubeygingu sagnarinnar. Þetta sést t.d. í (12.1b) þar sem sögnin í fyrra dæminu er í eintölu þótt andlagið (*bækurnar*) sé í fleirtölu.

Vegna þess hve þetta virðist einfalt í fljótu bragði gáfu málfræðingar lengi vel ekki mikinn gaum að þessu. En þegar betur er að gáð kemur í ljós að þarna er margt flóknara en ætla mátti. Ein ástæðan er sú að frumlag sagnar er ekki alltaf í nefnifalli, en í slíkum tilvikum hefur tala frumlagsins yfirleitt engin áhrif á sögnina. Þetta sést vel í (12.2) þar sem frumlagið er alls staðar í þágufalli og mismunandi persóna og tala hefur engin áhrif á sögnina. Hún stendur alltaf í þriðju persónu eintölu:

- (12.2) **Mér** (1p.et.)/**Okkur** (1p.ft.)/**Þér** (2p.et.)/**Ykkur** (2p.ft.)/**Þeim** (3p.ft.) **er** (3p.et.) heitt.

Þetta virðist einfalt. Þegar nánar er að gáð koma hins vegar ýmsar flækjur í ljós, en reyndar eru málnotendur ekki alltaf sammála um samræmisbeyginguna í slíkum tilvikum. Þau helstu voru könnuð í Tilbrigðaverkefningunni og hér á eftir fer yfirlit yfir þau (sjá nánari umræðu í 27. kafla).

12.1.1 *Samræmi við nefnifallsandlag*

Áður en Tilbrigðaramsóknin fór fram var vitað að málnotendur eru ekki sammála um dæmi á borð við þetta:

- (12.3) Mér **leiðist/leiðast** hundar.

Sumum þykir eðlilegra að hafa hér eintölu (*leiðist*) en aðrir kjósa að láta sögnina laga sig í tölu að nefnifallsandlaginu *hundar* (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:325–326).

¹ Þetta er líka oft kallað *beygingarsamræmi*, a.m.k. síðan tvær greinar um þetta efni birtust í 12.–13. hefti tímaritsins *Íslenskt mál* (Halldór Ármann Sigurðsson 1990–1991, Jón G. Friðjónsson 1990–1991). Á ensku er orðið *agreement* oftast notað um þetta.

Halldór Ármann Sigurðsson var manna fyrstur (1990–1991, 1992) til að kanna dóma íslenskra málnotenda um setningar af þessari gerð en síðan hefur fyrirbærið vakið mikla athygli meðal málfræðinga á alþjóðavettvangi og mikið verið skrifað um það (sjá t.d. Taraldsen 1995, Bobaljik 2008, Boeckx 2000, Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson 2001, Halldór Ármann Sigurðsson 1996, 2000, 2004, Halldór Ármann Sigurðsson og Holmberg 2008, Hlíf Árnadóttur og Einar Frey Sigurðsson 2013, Holmberg og Þorbjörgu Hróarsdóttur 2003, Schütze 2003, Ussery 2009, Höskuld Þráinsson o.fl. 2013 og rit sem þessir höfundar vísa til). Ástæðan er sú að þessi tegund samræmis þykir varpa ljósi á eðli beygingarsamræmis almennt og stöðu þessi í málfræðinni. Í þessum kafla verður þó lítið fjallað um þau fræðilegu álitæfni en þess í stað sagt frá niðurstöðum um afstöðu málnotenda til samræmis og samræmisleysis í setningum af þessari gerð. Til að skoða það voru eftirtaldar setningar notaðar í Könnun 1 og 3:

- (12.4) a. T1092 *Krökkumum fannst gaman að syngja.*
Þeim **leiddust** samt **kóræfingarnar**.
- b. T1032 *Völu fannst gaman í skólanum.*
Henni **leiddist** samt **bókmenntatímarnir**.
- c. L3.7 *Óli var dreginn á símfóniutónleika.*
Honum **leiddust tónleikarnir** mjög mikið.
- d. L3.21 *Sigrún var mjög samviskusöm og æfði sig mikið.*
Henni **leiddist** samt **píanótímarnir** alveg ofsalega.
- e. T3004 *Gumma steinsofnaði í bíóinu.*
Henni **hafa** alltaf leiðst **langar bíómyndir**.
- f. T3021 *Marteim mætir sjaldan á fundi með okkur.*
Honum **hefur** alltaf leiðst **langir stjórnarfundir**.
- g. T3074 *Forstjórinn sagði að launin væru ekkert of há.*
Það **hafa** mörgum blöskrað **þessi ummæli**.
- h. T3030 *Nú hefur verið samið við landeigendur.*
Það **hefur** sumum blöskrað **þessir samningar**.

Eins og sjá má gefa þessar setningar færi á að borin séu saman dæmi sem eru nálægt því að vera lágmarkspör, þ.e. *a* og *b*, *c* og *d*, *e* og *f*, *g* og *h*. Í þessum dæmum er persónubeygða sögnin ýmist aðalsögn eða hjálparsögn (*hafa*, *hefur*) og hugsanlegt að það hafi áhrif. Í síðasta tilvikinu fer þágufallsfrumlagið á milli persónubeygðu sagnarinnar og nefnifallsandlagsins. Sú formgerð var prófuð vegna þess að uppi hafa verið hugmyndir um að slíkt gæti haft áhrif á samræmið.²

Auk þessa voru eftirtalin dæmi borin undir dóm þátttakenda í könnunum á vegum Námsmatsstofnunar 2006 og 2007:

- (12.5) a. N0601 Hún fór að grenja ef henni **líkuðu** ekki **jólagjafirnar**.
- b. N0610 Honum **líkaði** ekki **bækurnar**.
- c. N0701 Hún fór að grenja ef henni **líkuðu** ekki **jólagjafirnar**.

² Hér er átt við þá hugmynd að þágufallsnafnliðir sem fara á milli persónubeygðu sagnarinnar og þess nefnifallsliðar sem hún gæti lagað sig að kunni að hindra samræmið. Þetta hafa ýmsir fræðimenn rætt, m.a. Halldór Ármann Sigurðsson og Anders Holmberg (2008) og kallað fyrirbærið 'þágufallshindrun' (e. *dative intervention*) og nánar verður vikið að henni í kafla 12.2.1.

Í fyrri könnuninni voru tvö sambærileg dæmi og annað þeirra var síðan endurtekið í seinni könnuninni.³

Þessi tilbrigði sem nú var lýst voru líka könnuð með því að láta þátttakendur velja á milli tveggja kosta og þá var annar kosturinn jafnan með samræmi en hinn án samræmis. Dæmin eru sýnd í (12.6):

- (12.6) a. TK1.8 *Gummi fékk bæði myndir og bækur í afmælisgjöf.*
Honum **líkaði/líkuðu myndirnar** en var fúll yfir bókunum.
- b. TK1.11 *Sigga var dregin á tónleika með hljómsveit sem hún þolir ekki.*
Leiddist/Leiddust henni ekki **tónleikarnir**?
- c. TK1.12 *Tóti litli hefur alltaf verið heppinn.*
Honum **áskotnaðist/áskotnuðust** nýlega **skautar** sem bróðir hans hafði aldrei notað.
- d. TK1.13 *Af hverju hætti Pála að æfa fótbolta?*
Henni **hafði/höfðu** vist leiðst svo **fótboltaæfingarnar**.
- e. TK1.14 *Stelpurnar vildu alltaf ráða öllu.*
Ef þeim **líkaði/líkuðu** ekki **boltaleikirnir** fóru þær í fylu.
- f. TK1.17 *Jóna var heimtufrekt barn.*
Ef henni **líkaði/líkuðu** ekki **jólagjafirnar** fór hún að grenja.
- g. TK1.19 *Pétur hafði áhuga á sumum námsgreinum en öðrum ekki.*
Hann hafði gaman af dönsku en honum **leiddist/leiddust** **eðlisfræðitímarnir**.
- h. TK3.10 *Ráðherrann hafði lagt sig allan fram.*
Honum **sárnaði/sárnuðu** þessar **athugasemdir**.

Auk Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1990–1991, 1992, sjá líka Halldór Ármann Sigurðsson og Anders Holmberg 2008) hafa t.d. Elva Díana Davíðsdóttir (2008), Guðbjörg Elin Ragnarsdóttir (2011) og Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson (2013) kannað dóma málnotenda um setningar af þessu tagi eða notkun þeirra. Einnig fjallar Jóhannes Gísli Jónsson nánar um þessa tegund samræmis í 27. kafla hér á eftir (í III. bindi).

12.1.2 Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklasu

Svipuð tilbrigði koma fram þegar sögn með þágufallsfrumlagi tekur með sér nafnháttarsamband og með nafnháttarsambandinu stendur fallorð í nefnifalli sem virðist vera merkingarlegt frumlag nafnháttarsetningarinnar:

(12.7) Mér **virðist/virðast** [hestarnir vera haltir].

Þótt fleirtöluorðið *hestarnir* sé merkingarlega frumlag nafnháttarsambandsins má líka líta á það sem nefnifallsandlag með sögninni *virðast*, enda eru nefnifallsliðir af þessu tagi með nafnháttarsamböndum háðir því að móðursögnin (hér *virðist/virðast*) taki með sér þágufallsfrumlag (sjá t.d. umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:428–432), rétt eins og að nefnifallsandlög í einföldum setningum koma ekki fram nema með sögnum sem

³ Í seinni Námsmatsstofnunarkönnuninni áttu þátttakendur að segja til um það hvort setningin væri „eðlileg“ eða „vond“, þ.e. miðgildinu („vafasöm setning“) var sleppt úr, m.a. vegna þess að fleiri völdu þann kost í fyrri Námsmatsstofnunarkönnuninni en í Tilbrigðakönnuninni yfirleitt.

taka þágufallsfrumlag. Í Könnun 3 voru eftirtaldar setningar notaðar til að skoða þetta:⁴

- (12.8) a. T3047 *Pétur heldur að það séu gæsaskyttur hérna.*
Honum **sýndust** [vera **jeppaslóðir** í snjónum].
- b. T3035 *Kata hætti við að fara í útileguna.*
Henni **heyrðist** [vera **gangtruflanir** í bílnum].
- c. T3100 *Skólastjórinn verður að gefa kennaranum áminningu.*
Mér **sýnast** [**nemendurnir** hafa rétt fyrir sér].
- d. T3112 *Fyrirtækið hefur gengið vel undanfarið.*
Mér **sýnist** [**starfsmennirnir** hafa staðið sig vel].
- e. T3057 *Helga er steinhætt að horfa á Mæðgurnar í sjónvarpinu.*
Henni **fundust** [**þær** frekar leiðinlegar].
- f. T3069 *Inga hlustaði mikið á Borgardætur.*
Henni **fannst** [**þær** mjög skemmtilegar].
- g. T3085 *Krakkarnir eru mjög spenntir.*
Þeim **hafa** alltaf fundist [**óvissuferðir** skemmtilegar].
- h. T3016 *Strákarnir horfa oft á Gettu betur í sjónvarpinu.*
Þeim **hefur** alltaf fundist [**spurningaþættir** skemmtilegir].

Hér áttu þátttakendur að meta dæmi sem voru nálægt því að vera lágmarkspör. Á vegum Námsmatsstofnunar voru svo eftirfarandi dæmi metin:

- (12.9) a. N0604 Henni **fundust** [**þeir** fyndnir].
b. N0616 Henni **fannst** [**þær** skemmtilegar].

Ef grannt er skoðað má sjá að dæmin í (12.8) eru svolítið mismunandi. Í (12.8a–d) er sögn í nafnhætti innan hornklofanna (*vera*, *hafa*) og í dæmum (12.8a–b) er nefnifallsliðurinn á eftir þessari sögn en í (12.8c–d) á undan. Í dæmum (12.8e–h) er aftur á móti engin sögn innan hornklofanna, en þar má í öllum tilvikum skjóta inn sögninni *vera* án þess að merkingin breytist. Setningarliðir af þessu tagi eru oft kallaðir **smákláusur** (e. *small clauses*). Þær voru hafðar með til að skoða hvort það hefði einhver áhrif á samræmisbeygingu móðursagnarinnar (*sýnast*, *heyrast*, *finnst*) hvort sögnin *vera* væri með í etirfarandi orðasambandi eða ekki.⁵

Auk mats á setningum var þátttakendum boðið að velja á milli tveggja kosta þar sem samræmi var í öðru tilvikinu en ekki hinu. Dæmin eru sýnd í (12.10):

- (12.10) a. TK1.4 *Kalli var ósáttur við umfjöllun fjölmiðla.*
Honum **fannst/fundust** [**þeir** gera of mikið úr málinu].

⁴ Hér, og víðar þar sem svipað stendur á, eru hornklofar notaðir til að sýna setningaskil. Þeir voru auðvitað ekki á sjálfum spurningablöðunum þegar kannanirnar voru lagðar fyrir. Þeim hefur verið bætt inn hér til glöggvunar fyrir lesendur.

⁵ Stundum er heitið *smákláusa* (e. *small clause*) líka notað um setningarliði sem innihalda sögn í nafnhætti, t.d. dæmi eins og *Ég sá [Jón fara]*, eða um dæmi á borð við þessi, án tillits til þess hvort sögnin *vera* er með eða ekki: *Mér finnst [þeir (vera) ógeðslegir]*. Hér er það þó aðeins notað um setningarliði sem innihalda enga sögn til aðgreiningar frá nafnháttarsamböndum, ef sú aðgreining kynni að skipta máli.

- b. TK1.6 *Jón var ekki spenntur fyrir að fá sér gervihmattadisk.*
Honum **virtist/virtust** [**allar sjónvarpsstöðvarnar**
vera lélegar].
- c. TK1.6 *Gunna hélt mikið upp á Stelpurnar á Stöð 2.*
Henni **fannst/fundust** [**þær** vera smiðugar].
- d. TK1.22 *Hallgrímur var full úr í fréttamennina.*
Honum **þótti/þóttu** [**þeir** hafa farið yfir strikið].
- e. TK1.24 *Sumir segja að bílar frá Kóreu séu ekkert sérstakir.*
Það **virðist/virðast** samt mörgum
[**þessir bílar** vera mjög eftirsóknarverðir].
- f. TK1.9 *María las alls konar bækur þegar hún var ung.*
Henni **þótti/þóttu** samt [**glæpasögur** skemmtilegastar].
- g. TK1.18 *Gústi hafði áhyggjur af sprungunum í veggnum.*
Honum **sýndist/sýndust** [**þær** frekar djúpar].
- h. TK1.21 *Gunna horfði alltaf á Strákana í sjónvarpinu.*
Henni **fannst/fundust** [**þeir** skemmtilegir].

Í dæmum *a–e* eru nafnháttarsambönd með sögn en síðustu dæmin (*f–g*) eru smáklatur án sagnar. Athugið líka að í *e*-dæminu fer þágufallsfrumlagið á eftir sögninni *virðist/virðast* og þar með á milli hennar og nefnifallsliðarins. Sú setningagerð gefur færri á að skoða hvort þágufallið hindri samræmi milli sagnarinnar og eftirfarandi nefnifallsliðar.

12.1.3 Samræmi við hlutaeignarfall

Setningar með svokölluðu **hlutaeignarfalli** eru önnur tegund dæma þar sem vitað var um tilbrigði í samræmi. Þetta má skýra með dæmi:

(12.11) **Hluti** (nf.et.) **þáttakenda** (ef.ft.) **kemur/koma** utan af landi.

Hér er það orðið *hluti* sem er aðalorð nafnliðarins. Það stendur í nefnifalli og tekur með sér eignarfallseinkunnina *þáttakenda*. Nefnifallsliðurinn er í eintölu í þessu tilviki en eignarfallsliðurinn í fleirtölu. Í dæmum af þessu tagi er oft talað um **hlutaeignarfall** (e. *partitive genitive*). Það má yfirleitt þekkja á því að hægt er að setja forsetningarlið með *af* í stað þess (*Hluti af þáttakendum ...*). Sumir málnotendur láta sögnina laga sig að þessu hlutaeignarfalli í tölu og segja þá *Hluti þáttakenda koma ...* en aðrir miða tölu sagnarinnar við aðalorð nafnliðarins og segja þá *Hluti þáttakenda kemur ...*⁶ Eins getur verið að einhverjir leyfi hvorttveggja, en það hafði ekki verið kannað skipulega áður. Ef forsetningarliður er hafður í stað hlutaeignarfallsins munu líklega flestir málnotendur aftur á móti láta sögnina laga sig að aðalorðinu í tölu:

(12.12) **Hluti** af þáttakendum **kemur/*koma** utan af landi.

Þetta síðasta atriði var þó ekki kannað í Tilbrigðaverkefninu. Aftur á móti voru þáttakendur beðnir um að meta dæmi þar sem sögnin var ýmist látin laga sig að aðalorði nafnliðar eða hlutaeignarfalli:

⁶ Jón G. Friðjónsson hefur meðal annarra bent á dæmi af þessu tagi og leggur þau ekki öll að jöfnu (1990–1991:81–82). Þann mun mætti kanna nánar en gert var í Tilbrigðaverkefninu.

- (12.13) a. T2047 *Skólaballið stóð langt fram á nótt.*
Fjöldi nemenda vöknðu of seint morguninn eftir.
- b. T2060 *Ásgeir skoraði glæsilegt mark.*
Fjöldi áhorfenda fagnaði markinu innilega.
- c. T2070 *Ráðherrann lagði fram tillögu um styttra jólafrí.*
Meirihluti þingmanna höfnuðu tillögunni.
- d. T2080 *Vinnuveitandinn kom með nýjan samning.*
Stór hluti starfsmanna hafnaði honum.

Eins og sjá má eru *a* og *b* annars vegar og *c* og *d* hins vegar nálægt því að vera lágmarkspör. Í *a*-dæminu lagar sögnin sig að tölu hlutaeignarfallsins (*nemenda*) en í *b*-dæminu gerir hún það ekki. Á sama hátt lagar sögnin sig að tölu hlutaeignarfallsins (*þingmanna*) í *c*-dæminu en í *d*-dæminu gerir hún það ekki. Þátttakendum bauðst einnig að velja á milli tveggja kosta þar sem annars vegar var um að ræða samræmi sagnar við aðalorð nafnliðar en hins vegar við hlutaeignarfall. Dæmin eru sýnd í (12.14):

- (12.14) a. TK3.4 *Ástandið í sumum grunnskólum er dálítið erfitt.*
Helmingur nemenda tala/talar ekki íslensku.
- b. TK3.7 *Afrikurikið Zimbabwe hefur verið mikið í fréttum undanfarið.*
Stór hluti íbúa býr/búa við mikla fátækt.

Eins og ýmsir kannast sjálfsagt við er stundum fundið að þeirri málvenju í málfraspistlum að láta sögn laga sig að hlutaeignarfalli í dæmum af þessu tagi. Því er forvitnilegt að sjá hversu mörgum þykir það eðlilegt mál (sjá líka Höskuld Þráinsson o.fl. 2013).

12.1.4 Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning

Eins og nafn þessa flokks bendir til er hér um að ræða þrens konar dæmi sem eru af dálítið mismunandi tagi en eiga það helst sameiginlegt að þar hefur orðið vart tilbrigða er varða samræmi. Hér var í öllum tilvikum beitt þeirri aðferð að láta þátttakendur velja milli tveggja möguleika. Dæmin eru sýnd í (12.15):

- (12.15) a. TK1.15 *Það var svakalegt fjör á ballinu.*
[Í svörtum fötum] **spilaði/spiluðu** til klukkan þrjú.
- b. ÞK3.4 *Sigur Vals á Íslandsmótinu kom mörgum á óvart.*
FH var búid/voru búnir/var búnir að hafa forystu allt sumarið.
- c. TK1.3 *Grímur er ekkert lélegur í reikningi.*
Hann veit að [**tveir plús tveir**] er/eru fjórir.

Eins og nafn undirkaflans bendir til er hér í raun verið að skoða **mörk** samræmis, þ.e. hvort það ræðst í öllum tilvikum af málfræðilegri tölu eða hvort merking hefur þar áhrif. Í *a*-dæminu er frumlagið í eðli sínu forsetningarliður sem í sjálfu sér hefur ekki neina tölu sem slíkur. Þá er spurningin hvort þátttakendur velja hina ómerktu eintölu, eins og þeir gera yfirleitt þegar frumlag er í aukafalli og enginn annar liður kallar eftir samræmi (sbr. *Þeim* (þgf.ft.) *er/*eru kalt*), eða hvort menn velja frekar fleirtölusamræmi þar sem vitað er að í hljómsveitinni sem ber þetta nafn eru auðvitað nokkrir liðsmenn. Svipað er að segja um nöfn á knattspyrnuliðum eða íþróttafélögum. Skammstöfunin *FH* hefur í sjálfu sér enga tölu en stendur fyrir *Fimleikafélag*

Hafnarfjarðar, þar sem eintöluorð (*finleikafélag*) er aðalorðið. Þá er spurningin hvort hin málfræðilega tala (eða töluleysi) ræður þannig að þátttakendur velja eintölu (og kannski hvorugkyn, þ.e. *var bíið*) eða hvort merkingin veldur því að fleirtala er valin, líkt og útskýrt var í sambandi við hljómsveitarnafnið.⁷ Einnig er hugsanlegt að heitið *FH-ingar* geti skipt máli í dæmum af þessu tagi. Loks er þarna dæmi með samlagningarlið (*tveir plús tveir*) þar sem helst er að vænta fleirtölu, þótt dæmi úr öðrum málum (t.d. færeysku) sýni að þar gætu einhver tilbrigði komið fram.

Þótt vel hefði mátt skoða ýmislegt fleira tengt samræmi í Tilbrigðaverkefnum var þetta látið nægja. Við skulum því snúa okkur að tölfræðilegu niðurstöðunum.

12.2 Samræmi við nefnifallsandlag

12.2.1 Almenn yfirlit

Hér verður fyrst gefið almennt yfirlit yfir niðurstöður úr yfirlitskönnunum og þá er miðað við alla landshluta og alla aldurshópa.

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1092	Þeim leiddust samt kóræfingarnar.	67,5	13,2	19,3	100	767
b. T1032	Henni leiddist samt bókmenntatímarnir.	63,3	16,0	20,7	100	769
c. L3.7	Honum leiddust tónleikarnir mjög mikið.	74,6	15,6	9,8	100	710
d. L3.21	Henni leiddist samt píanótímarnir alveg ofsalega.	63,4	18,8	17,8	100	711
e. T3004	Henni hafa alltaf leiðst langar bíómyndir.	65,3	16,1	18,6	100	708
f. T3021	Honum hefur alltaf leiðst langir stjórnarfundir.	73,2	12,5	14,3	100	710
g. T3074	Það hafa mörgum blöskrað þessi ummæli.	51,7	22,1	26,2	100	712
h. T3030	Það hefur sumum blöskrað þessir samningar.	41,5	22,2	36,3	100	711

Tafla 12.1: *Jákvætt mat á dæmum með og án samræmis við nefnifallsandlag.*

Hér má sjá fjögur þör setninga. Fyrri setningin í hverju pari sýnir samræmi við nefnifallsandlag en sú síðari samræmisleysi. Hér er a.m.k. tvennt sem vekur athygli. Í fyrsta lagi benda niðurstöðurnar til þess að allmargir geti sætt sig við hvora gerðina sem er. Þetta má sjá af því að sé hlutfall þeirra sem samþykkja samræmi og samræmisleysi í hverju pari lagt saman er útkoman alls staðar vel yfir 100% nema í síðasta parinu ($a+b = 130,8$, $c+d = 138$, $e+f = 138,5$, $g+h = 93,2$). Það þar fær reyndar ekki eins jákvæða dóma og hin.

Í öðru lagi má benda á að dæmin með samræmi fá yfirleitt heldur betri dóma en þau sem eru án samræmis. Það kemur kannski svolítið á óvart. Þar er þó vert að vekja athygli á því að í því samræmisdæmi sem fær besta dóma (*c*-dæmið) stendur

⁷ Hér hefði líka verið rétt að gefa nánari gaum að kyni (og tölu) lýsingarháttarins: Er sjálfgefið að hann sé í karlkyni (*búnir*) — og er ástæðan þá sú að karlkyn er yfirleitt sjálfgefið þegar lýsingarorð eiga í hlut (sbr. uppfléttimyndir í orðabókum)? Hér virðist gengið út frá því að verið sé að ræða um knattspyrnu karla. En hvernig hljóma hvatningarorð í kvennaboltanum hjá FH? Er þá kannski kallað „FH eru bestar!“? Sjá umræðu um skyld atriði hjá Guðbjörgu Elínu Ragnarsdóttur 2014, en sú ritgerð er m.a. byggð á viðtölum.

nefnifallsliðurinn næst sögninni. Kannski getur slíkt haft áhrif þegar málnotendur geta sætt sig við hvorn kostinn sem er.

Þá vekur líka athygli að a.m.k. 20 prósentustigum færri samþykkja *h*-dæmið en nokkurt annað dæmi án samræmis og meira en fimmtungi þátttakenda þykja bæði *g* og *h* vafasamar setningar. Ástæðan gæti verið sú að sögnin *blöskra* sé ekki hluti af talmáli allra eða þá sú að þetta eru leppsetningar (hefst á leppnum *það*). Það er hins vegar ekki að sjá af *töflu 12.1* að það skipti verulegu máli hvort persónubeygða sögnin er hjálparsögn eða aðalsögn.⁸

Loks er forvitnilegt að skoða þessar niðurstöður í ljósi áður nefndra hugmynda um einhvers konar þágufallshindrun, eins og vikið var að hér frammar (í neðanmálgrein). Ef það væri einfaldlega þannig að þágufallsliður á milli persónubeygðrar sagnar og nefnifallsandlags kæmi í veg fyrir samræmi, eins og Holmberg og Þorbjörg Hróarsdóttir töldu upphaflega (2003), ætti samræmisleysið í *h*-dæminu að fá betri dóma en samræmið í *g*-dæminu. Því er hins vegar öfugt farið. Halldór Ármann og Holmberg (2008) skoðuðu mögulega þágufallshindrun talsvert nánar og settu fram þá tilgátu að skipta mætti málnotendum í þrjá hópa, A, B og C, eftir því hvaða afstöðu þeir hafa til samræmis við nefnifallsandlag. A-hópurinn leyfir tölusamræmi við nefnifallsandlag (a.m.k. stundum) hvort sem þágufall fer á milli nefnifallsandlagsins og sagnarinnar eða ekki. B-hópurinn leyfir samræmi við nefnifallsandlag en ekki yfir þágufallsfrumlag. C-hópurinn leyfir yfirleitt ekki neitt samræmi við nefnifallsandlag. Samkvæmt þessu ætti *g*-dæmið þá aðeins að fá samþykki þeirra sem eru í hópi A, en *a*-dæmið, *c*-dæmið og *e*-dæmið að fá samþykki þeirra sem eru í hópum A og B. Sú spá fær nokkurn stuðning af niðurstöðunum í *töflu 12.1*. Í þessari könnun kemur þó fram að hópaskiptingin er ekki „hreini“, þ.e. margir geta sætt sig við hvorn kostinn sem er (samræmi eða samræmisleysi). Að því leyti felur tilgáta Halldórs Ármanns og Holmbergs í sér nokkra einföldun, eins og þeir benda reyndar sjálfir á (sjá nmgr. 4 í grein þeirra 2008).

Þótt framsetningin í *töflu 12.1* sýni ekki mjög greinilega stærð þeirra hópa sem Halldór Ármann og Holmberg skilgreindu gefur taflan samt nokkra vísbendingu um stærðarhlutföll þeirra. Þeir sem hafna samræmisdæmum án þágufallshindrunar (þ.e. dæmum a, c og e) eru C-hópurinn, en „höfnunarhlutfallið“ er 10-20%. B-hópurinn ætti þá samkvæmt því að vera frekar lítill því það eru aðeins um átta prósentustigum fleiri sem hafna *g*-dæminu (hópar B og C) en *e*-dæminu (hópur C). Í báðum tilvikum er um að ræða samræmi á hjálparsögninni *hafa* þannig að dæmin ættu að vera nokkuð sambærileg. Þágufallshindrunin virðist því almennt skipta minna máli en ýmsir hafa talið í nýlegum umræðum um samræmi við nefnifallsandlög í íslensku (sjá líka umræður um þetta hjá Hlíf Árnadóttur og Einari Frey Sigurðssyni 2013).

En úr því að margir þátttakendur samþykkja bæði samræmi og samræmisleysi í dæmum af þessu tagi er forvitnilegt að skoða hvaða kostur er valinn þegar þátttakendum býðst að velja á milli sagnmynda með og án samræmis. Niðurstöðurnar eru sýndar í *töflu 12.2*:

⁸ Í parinu *e+f* er persónubeygða sögnin hjálparsögn og þar fær samræmislausu gerðin betri dóma, en í parinu *g+h* er það líka hjálparsögn sem er persónubeygd og þar fær samræmisgerðin betri dóma en sú samræmislausu.

Númer	Setning	án samr.	með samr.	hvort tv.	=	N
		líkaði	líkuðu			
a. TK1.8	Honum líkaði/líkuðu myndirnar en var fúll yfir bókunum.	62,4	29,9	7,7	100	766
		leiddist	leiddust			
b. TK.1.11	Leiddist/Leiddust henni ekki tónleikarnir?	54,3	40,5	5,2	100	768
		áskotnaðist	áskotnuðust			
c. TK1.12	Honum áskotnaðist/áskotnuðust nýlega skautar sem bróðir hans hafði aldrei notað.	48,5	43,3	8,2	100	767
		hafði	höfðu			
d. TK1.13	Henni hafði/höfðu víst leiðst svo fótboltaæfingarnar.	80,1	17,7	2,2	100	769
		líkaði	líkuðu			
e. TK1.14	Ef þeim líkaði/líkuðu ekki boltaleikirnir fóru þær í fýlu.	58,9	34,6	6,5	100	769
		líkaði	líkuðu			
f. TK1.17	Ef henni líkaði/líkuðu ekki jólagjafirnar fór hún að grenja.	63,6	29,9	6,5	100	770
		leiddist	leiddust			
g. TK1.19	Hann hafði gaman af dönsku en honum leiddist/leiddust eðlisfræðitímarnir.	62,0	31,5	6,5	100	768
		sárnaði	sárnuðu			
h. TK3.10	Honum sárnaði/sárnuðu þessar athugasemdir.	67,7	28,4	3,9	100	712

Tafla 12.2: Val milli samræmisleysis og samræmis.

Miðað við það sem við höfum áður séð kemur ekki á óvart hversu fáir samþykkja hvort tveggja, jafnvel þótt niðurstöðurnar í *töflu 12.1* bendi til þess að þetta sé í raun talsvert stór hópur (sjá umræðu um þetta í 2. kafla, m.a. 2.2.2). Hins vegar kemur á óvart að hér eru þeir í öllum tilvikum fleiri sem velja samræmisleysið, og sums staðar miklu fleiri, en oftast fengu dæmin með samræmi hins vegar betri dóma en dæmin með samræmisleysisinu þegar setningarnar voru metnar út af fyrir sig (sjá *töflu 12.1*). Í því sambandi er rétt að benda á að röð valkostanna á ekki að hafa haft áhrif hér. Þótt samræmisleysisinu sé alls staðar stillt upp sem fyrri kostinum í *töflu 12.2* var það ekki gert á eyðublöðunum sjálfum: Röð kostanna var þannig í A-gerð eyðublaðanna en öfug í B-gerðinni og gerðunum tveim var dreift jafnt á þátttakendur.

Meginniðurstaðan er þó sú að hér er um veruleg tilbrigði að ræða, svo nú er forvitnilegt að sjá að hvaða marki þau tengjast félagslegum breytum.

12.2.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

12.2.2.1 Aldur

Við byrjum á því að skoða hlutfall þeirra sem samþykktu samræmi og samræmisleysi í mismunandi aldurshópum:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T1092	Þeim leiddust samt kóræfingarnar .	60,9	67,5	70,3	72,2	-.087	.016
b. T1032	Henni leiddist samt bókmenntatímarnir .	70,2	64,5	58,1	59,7	.102	.004
c. L3.7	Honum leiddust tónleikarnir mjög mikið.	58,2	79,3	83,2	81,0	-.195	.000
d. L3.21	Henni leiddist samt píanótímarnir alveg ofsalega.	71,0	74,9	53,5	52,1	.205	.000
e. T3004	Henni hafa alltaf leiðst langar bíómyndir .	50,5	64,8	71,4	77,4	-.200	.000
f. T3021	Honum hefur alltaf leiðst langir stjórnarfundir .	63,7	81,5	76,2	73,0	-.042	.264
g. T3074	Það hafa mörgum blöskrað þessi ummæli .	39,8	59,6	51,2	58,2	-.071	.057
h. T3030	Það hefur sumum blöskrað þessir samningar .	36,8	39,0	41,1	50,3	-.064	.090

Tafla 12.3: *Jákvætt mat á samræmi og samræmisleysi við nefnifallsandlag, flokkað eftir aldri.*

Ef við horfum framhjá síðasta parinu má sjá að samræmisdæmin fá yfirleitt betri dóma hjá þeim eldri. Fylgnin er því neikvæð í þessum dæmum (hærri aldur = fleiri *ja* og þar með lægra tölugildi fyrir svarið (*ja* = 1, *nei* = 3)).⁹ Þetta snýst svo við þegar lítið er á dómanna fyrir dæmi án samræmis. Þar er fylgnin jákvæð. Þótt fylgni dómanna við aldur sé hvergi sterk er hún víðast tölfræðilega marktæk og sums staðar mjög vel ($p < 0,01$). Dæmið með hjálparsögn og samræmisleysi sker sig þó úr hér (þ.e. *f*-dæmið). Þar er engin marktæk fylgni við aldur. Skýring á þessari sérstöðu *f*-dæmisins liggur ekki í augum uppi.

Síðasta dæmaparið er svo dálítið sér á báti. Þar er leppsetning, eins og áður segir, og sögnin *blöskra*. Þar fá báðar gerðir neikvæðasta dóma hjá yngsta aldurshópnum og kannski er þeim aldurshóp sögnin *blöskra* ekki töm. Það er a.m.k. ljóst að hér hafa fleiri þættir áhrif en samræmið því þarna er fylgni við aldur marktæk í hvorugu tilvikinu. Þarna gæti þágufallshindrunin skipt máli (sbr. umræður hjá Halldóri Ármanni og Holmberg 2008).

Eins og áður var nefnt voru dæmi af þessu tagi líka á dagskrá í þeim könnunum sem voru gerðar með aðstoð Námsmatsstofnunar. Miðað við þær niðurstöður sem hér hafa verið raktar mætti búast við því að dæmið með samræmi við nefnifallsandlag fengi verri dóma þar en dæmið án samræmis því þar voru þátttakendur á svipuðum aldri og yngsti aldurshópurinn í Tilbrigðakönnuninni. Tafla 12.4 staðfestir þetta:

⁹ Aldursbreytan var kóðuð svona: 15 ára = 1, 20–25 ára = 2, 40–45 ára = 3, 65–70 ára = 4.

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. N0601	Hún fór að grenja ef henni líkuðu ekki jólagjafirnar.	29,3	40,0	30,7	100	730
b. N0610	Honum líkaði ekki bækurnar.	64,4	26,6	9,0	100	721
c. N0701	Hún fór að grenja ef henni líkuðu ekki jólagjafirnar.	47,8	---	52,2	100	878

Tafla 12.4: *Jákvætt mat á samræmi og samræmisleysi við nefnifallsandlag í Námsmatsstofnunarkönnunum (10. bekkur).*

Hér er það samræmislausu dæmið (*b*-dæmið) sem fær besta dóma eins og vænta mátti miðað við niðurstöðurnar í *töflu 12.3*: Næstum tveir þriðju hlutar þátttakenda telja það eðlilegt mál. Síðan vekur athygli hversu margir telja *a*-dæmið vafasamt, en sá kostur var almennt valinn mun oftár í könnunum Námsmatsstofnunar en annars. Þess vegna var honum sleppt úr í mati á þessari setningu í seinni könnuninni og þá fást niðurstöður sem eru sambærilegri við það sem vænta mátti miðað við *töflu 12.3*.¹⁰ Almennt má því segja að þessar kannanir í 10. bekk styðji þá niðurstöðu sem *tafla 12.3* sýnir: Samræmisleysi á frekar upp á pallborðið hjá þeim yngstu en samræmi við nefnifallsandlag.

12.2.2.2 Menntun

Heyrst hefur að skólanemum hafi stundum verið kennt að það sé betra, jafnvel „réttara“, að samræma tölu sagnar við nefnifallsandlag í fleirtölu. Ef svo er gætum við e.t.v. fundið fylgni milli menntunar og mats á þeim dæmum sem hér eru til skoðunar. *Tafla 12.5* sýnir niðurstöðu athugunar á því og þar er yngsta aldurshópnum sleppt:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T1092	Þeim leiddust samt kóræfingarnar.	68,9	68,3	72,4	543	-.015	.723
b. T1032	Henni leiddist samt bókmenntatímarnir.	63,4	59,9	53,9	541	.066	.128
c. L3.7	Honum leiddust tónleikarnir mjög mikið.	87,6	79,2	79,2	398	.078	.119
d. L3.21	Henni leiddist samt píanótímarnir alveg ofsalega.	60,0	64,4	51,3	399	.053	.294
e. T3004	Henni hafa alltaf leiðst langar bíómyndir.	65,4	74,1	71,8	394	-.056	.266
f. T3021	Honum hefur alltaf leiðst langir stjórnarfundir.	78,1	76,7	67,9	398	.070	.162
g. T3074	Það hafa mörgum blöskrað þessi ummæli.	54,3	54,9	50,6	397	.044	.383
h. T3030	Það hefur sumum blöskrað þessir samningar.	46,7	40,7	25,6	397	.141	.005

Tafla 12.5: *Jákvætt mat á samræmi og samræmisleysi við nefnifallsandlag, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

¹⁰ Ef hlutfalli þeirra sem töldu *a*-dæmið vafasamt í fyrri könnuninni er skipt til helminga á milli *já*- og *nei*-svara í þeirri könnun verða hlutfallstölurnar fyrir *já*- og *nei*-svörin svipaðar og í seinni könnuninni.

Hér er skemmt frá því að segja að dómar um setningarnar sýna hvergi marktæka fylgni við menntun nema í síðasta dæminu. Þar eru þátttakendur því líklegri til að samþykkja samræmisleysi sem menntun þeirra er minni. Ekki liggur í augum uppi hvernig getur staðið á þessu, enda kann að vera að einhverjir aðrir þættir hafi hér áhrif þar sem hvorugt dæmið í þessu síðasta pari fær mjög jákvæða dóma, eins og áður var bent á.

12.2.2.3 Kyn

Þar sem samræmisleysið virðist frekar í sókn mætti e.t.v. ætla að konur væru hlyntari því en karlar, því þær eru oft í fararbroddi þegar breytingar eiga sér stað. *Tafla 12.6* gefur yfirlit yfir þetta:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T1092	Þeim leiddust samt kóræfingarnar.	66,5	68,6	767	-.018	.618
b. T1032	Henni leiddist samt bókmenntatímarnir.	66,1	60,4	769	.066	.068
c. L3.7	Honum leiddust tónleikarnir mjög mikið.	75,1	74,2	710	-.005	.886
d. L3.21	Henni leiddist samt píanótímarnir alveg ofsalega.	66,4	60,8	711	.070	.060
e. T3004	Henni hafa alltaf leiðst langar bíómyndir.	68,0	62,8	708	.063	.094
f. T3021	Honum hefur alltaf leiðst langir stjórnarfundir.	75,0	71,7	710	.045	.231
g. T3074	Það hafa mörgum blöskrað þessi ummæli.	55,0	48,6	712	.065	.084
h. T3030	Það hefur sumum blöskrað þessir samningar.	45,6	37,7	711	.075	.045

Tafla 12.6: Jákvætt mat á dæmum með og án samræmis við nefnifallsandlag, flokkað eftir kyni þátttakenda.

Hér er hvergi sterk fylgni við kyn og hún virðist ekki mjög regluleg. Í fyrstu tveim þörunum eru karlarnir að visu talsvert jákvæðari en konur gagnvart samræmisleysinu en sá munur telst þó ekki tölfræðilega marktækur. Annars virðast karlarnir almennt jákvæðari en konurnar gagnvart öllum þessum dæmum þótt munurinn sé hvergi mikill og yfirleitt ekki tölfræðilega marktækur.¹¹

¹¹ Eins og stundum fyrir virðast marktæknistuðlarnir ekki alveg passa við tölurnar í töflunni. Ástæðan er sú að hér eru aðeins birtar hlutfallstölur fyrir jákvæðu svörin en marktæknin er reiknuð út frá öllum svörum (*já, ?, nei*).

12.2.3 Tengsl við búsetu

Í töflu 12.7 er loks sýnt hlutfall jákvæðra svara flokkað eftir landshlutum:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T1092	Þeim leiddust samt kóræfingarnar.	68,5	56,6	68,2	73,6	70,1	70,4	64,4	61,9
b. T1032	Henni leiddist samt bókmenntatímarnir.	59,5	74,1	60,0	61,9	70,9	54,9	76,3	59,5
c. L3.7	Honum leiddust tónleikarnir mjög mikið.	76,5	65,4	79,0	78,0	74,2	75,9	66,7	71,0
d. L3.21	Henni leiddist samt píanótímarnir alveg ofsalega.	65,7	60,0	67,2	60,2	56,9	68,5	62,8	72,6
e. T3004	Henni hafa alltaf leiðst langar bíómyndir.	63,5	50,0	69,4	63,6	64,0	64,8	71,8	64,5
f. T3021	Honum hefur alltaf leiðst langir stjórnarfundir.	72,4	65,4	78,4	65,1	73,8	77,4	74,4	75,4
g. T3074	Það hafa mörgum blöskrað þessi ummæli.	44,4	53,8	55,6	56,9	48,1	40,7	56,4	58,1
h. T3030	Það hefur sumum blöskrað þessir samningar.	28,9	50,0	45,6	48,6	41,6	35,8	39,7	43,5

Tafla 12.7: *Jákvætt mat á dæmum með og án samræmis við nefnifallsandlag, flokkað eftir landshlutum.*

Ekki verður í fljótu bragði séð að neitt sérstakt mynstur komi hér fram, enda er hvergi marktækur munur á landshlutunum í heild samkvæmt kí-kvaðratprófinu. Það kemur ekki á óvart miðað við fyrri athuganir á þessu fyrirbæri (sjá t.d. Elvu Diönu Davíðsdóttur 2008).

12.2.4 Samantekt

Meginniðurstöður þessa undirkafla má þá draga saman á þessa leið:

- Hér kemur fram talsverður breytileiki og allmargir virðast bæði telja samræmi og samræmisleysi við andlag eðlilegt mál (*tafla 12.1*). Þetta styður í aðalatriðum þær hugmyndir sem áður höfðu verið uppi um þetta fyrirbæri (sjá umræðu í kafla 12.1.1).
- Hugmyndir Holmbergs og Þorbjargar Hróarsdóttur (2003) um almenna þágufallshindrun fá ekki stuðning af þessum niðurstöðum (sjá *töflu 12.1*). Ef þau hefðu haft rétt fyrir sér ættu Íslendingar almennt að telja setningar eins og *g*-dæmið í *töflu 12.1* ótækar en svo reyndist ekki vera (og það dæmi fékk betri dóma en hliðstæð setning án samræmis, þ.e. *h*-dæmið í sömu töflu). Eins ættu flestir að hafa hafnað samræmiskostinum í TK1.11 í *töflu 12.2* en svo var ekki (þótt fleiri veldu reyndar samræmisleysið þar). En auðvitað væri vert að kanna þetta nánar og með fleiri sögnum en hér komu við sögu.
- Nokkur stuðningur kom fram við tilgátu Halldórs Ármanns og Holmbergs (2008) um skiptingu málnotenda í hópa með tilliti til þess hvort þeir samþykkja yfirleitt samræmi við nefnifallsandlag eða ekki og hvort þágufall á milli sagnar

og nefnifallsandlags hafi skipti máli fyrir samræmið. Sá hópur sem þágufallshindrunin hefur einhver áhrif á virðist þó reyndar harla litill (sbr. *töflu 12.1* og umræður í tengslum við hana).

- Þótt dæmi með samræmi við nefnifallsandlag fái oftast heldur betri dóma en dæmi án slíks samræmis virðast ýmis atriði geta haft áhrif á það, svo sem nálægð nefnifallsliðarins við sögnina. Þetta stafar trúlega af því hversu margir samþykkja hvorn kostinn sem er. Þá er líklegt að ýmis atriði af þessu tagi geti haft áhrif.
- Mat þátttakenda á samræmisdæmunum sýnir litla fylgni við félagslegar breytur. Þó fá dæmi með samræmi marktækt betri dóma hjá þeim sem eldri eru og samræmislausu dæmin yfirleitt betri dóma hjá þeim yngri (sjá *töflu 12.3*).

12.3 Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu

12.3.1 Almenn yfirlit

Í *töflu 12.8* er sýnt hvernig þátttakendur í Könnun 3 mátu þau dæmi sem hér eru til umræðu:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T3047	Honum sýndust vera jeppaslóðir í snjónum.	61,6	19,7	18,7	100	711
b. T3035	Henni heyrðist vera gangtruflanir í bílnum.	52,4	24,5	23,1	100	710
c. T3100	Mér sýnast nemendurnir hafa rétt fyrir sér.	48,7	17,6	33,7	100	712
d. T3112	Mér sýnist starfsmennirnir hafa staðið sig vel.	81,7	9,5	8,8	100	706
e. T3057	Henni fundust þær frekar leiðinlegar.	43,0	17,3	39,7	100	712
f. T3069	Henni faunast þær mjög skemmtilegar.	89,0	6,1	4,9	100	712
g. T3085	Þeim hafa alltaf fundist óvissuferðir skemmtilegar.	63,3	14,8	21,9	100	711
h. T3016	Þeim hefur alltaf fundist spurningaþættir skemmtilegir.	82,7	7,5	9,8	100	711

Tafla 12.8: *Mat á dæmum með og án samræmis við nefnifallslið í nafnháttarsambandi eða smáklausu.*

Hér fá samræmislausu dæmin alls staðar betri dóma en þau sem eru með samræmi nema í fyrsta parinu. Það er reyndar frábrugðið hinum að því leyti að þar fer nefnifallsliðurinn á eftir nafnháttarsögninni (*vera*) svo það kemur kannski á óvart að samræmið milli móðursagnarinnar (*sýnast*) og nefnifallsliðarins skuli vera meira þar (móðursögnin og nefnifallsliðurinn eru ekki hlið við hlið). Í öðrum þörum vekur athygli hve góða dóma samræmisleysið fær og fáum þykja dæmin vafasöm og þar virðist engin áhrif hafa hvort nafnháttarsögn er í dæmunum eða ekki. Annars er líka fróðlegt að bera þessa töflu saman við *töflu 12.1* hér frammar, þar sem samræmisdæmin fengu yfirleitt betri dóma en þau samræmislausu, öfugt við það sem hér er. Aftur á móti er það sama uppi á teningnum hér og í flestum þörum í *töflu 12.1* að því leyti að samanlagt hlutfall þeirra sem samþykkja samræmi og samræmisleysi er alls staðar vel yfir 100% ($a+b = 114\%$, $c+d = 130,4\%$, $e+f = 132\%$, $g+h = 146\%$). Það sýnir að samræmið er valfrjálst í máli margra þátttakenda. Með hliðsjón af því er forvitnilegt að sjá hvað þátttakendur gera þegar þeim er boðið að velja á milli tveggja kosta, samræmis og samræmisleysis, í setningum af þessu tagi. Í *töflu 12.9* má sjá yfirlit yfir það (sjá dæmin í (12.10) hér frammar):

Númer	Setning	án samr.	með samr.	hvort tveggja	=	N
		fannst	fundust			
a. TK1.4	Honum fannst/fundust þeir gera of mikið úr málinu.	95,5	3,3	1,3	100	764
		virtist	virtust			
b. TK1.6	Honum virtist/virtust allar sjónvarpsstöðvarnar vera lélegar	52,1	39,9	8,0	100	760
		fannst	fundust			
c. TK1.16	Henni fannst/fundust þær vera sniðugar.	86,4	10,7	2,9	100	770
		þótti	þóttu			
d. TK1.22	Honum þótti/þóttu þeir hafa farið yfir strikið.	84,5	11,4	3,1	100	768
		virðist	virðast			
e. TK1.24	Það virðist/virðast samt mörgum þessir bílar vera mjög eftirsóknarverðir.	59,7	36,1	4,2	100	762
		þótti	þóttu			
f. TK1.9	Henni þótti/þóttu samt glæpasögur skemmtilegastar.	63,2	29,5	7,3	100	767
		sýndist	sýndust			
g. TK1.18	Honum sýndist/sýndust þær frekar djúpar.	68,6	25,1	6,3	100	768
		fannst	fundust			
h. TK1.21	Henni fannst/fundust þeir skemmtilegir.	87,0	10,8	2,2	100	770

Tafla 12.9: *Val milli samræmisleysis og samræmis við nefnifallslið í nafnháttar-sambandi eða smáklausu.*

Miðað við það sem við höfum áður séð, þ.e. niðurstöðurnar í *töflu 12.8* og val milli kosta í *töflu 12.2*, kemur ekki á óvart að þátttakendur velja alltaf frekar samræmisleysið en samræmi. Eins og áður telja mjög fáir báða kostina koma til greina þegar verkefnið er sett upp með þessum hætti, þrátt fyrir að niðurstöðurnar í *töflu 12.8* bendi til þess að svo ætti að vera.

Eins og taflan sýnir er talsverður munur á niðurstöðunum frá einu dæmapari til annars. Þannig velja yfir 95% samræmisleysið í *a*-parinu en aðeins rúm 52% velja það í *b*-parinu. Ástæðan fyrir þessum mikla mun blasir ekki við. Hins vegar er áhugavert að bera niðurstöður um *e*-parið saman við niðurstöður um önnur dæmi. Ástæðan er sú að í *e*-parinu fer þágufallsliður (*mörgum*) á milli sagnarinnar og nefnifallsliðarins. Samkvæmt hugmyndum Holmbergs og Þorbjargar Hróarsdóttur (2003) ætti þágufallsliðurinn að hindra samræmið. Samt velja fleiri samræmismyndina í þessu dæmapari en nokkru öðru, að *b*-parinu undanskildu. Þar er reyndar um sömu sögn að ræða (sögnina *virðast*) og heldur fleiri velja samræmiskostinn í pari *b* en *e*. Það er þó ljóst að þessar niðurstöður fara alveg í bága við hugmynd Holmbergs og Þorbjargar. Aftur á móti mætti segja að þær gætu samrýmst hugmyndum Halldórs Ármanns og Holmbergs (2008) á svipaðan hátt og við höfum áður séð (sjá umræður um *töflu 12.1* hér framar): Fyrir tiltekinn hóp málnotenda (B-hópin samkvæmt flokkun þeirra) hefur þágufallshindrun áhrif, en sá hópur virðist vera mjög lítill (sbr. að það er mjög lítill munur á niðurstöðunum fyrir *b* og *e*).

12.3.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

12.3.2.1 Aldur

Tafla 12.10 sýnir jákvætt mat á þessum setningum, flokkað eftir aldri þátttakenda:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a.T3047	Honum sýndust vera jeppaslóðir í snjónum.	58,0	62,6	64,3	62,2	-.016	.675
b.T3035	Henni heyrðist vera gangtruflanir í bílnum.	53,8	50,3	52,4	53,0	.025	.515
c.T3100	Mér sýnast nemendurnir hafa rétt fyrir sér.	50,5	46,9	46,4	50,9	.033	.383
d.T3112	Mér sýnist starfsmennirnir hafa staðið sig vel.	81,0	86,9	79,0	79,8	.038	.315
e. T3057	Henni fundust þær frekar leiðinlegar.	37,3	36,3	48,5	51,5	-.108	.004
f. T3069	Henni fannst þær mjög skemmtilegar.	85,1	96,1	91,7	83,5	.018	.630
g. T3085	Þeim hafa alltaf fundist óvissuferðir skemmtilegar.	71,1	60,3	57,5	62,8	.084	.025
h. T3016	Þeim hefur alltaf fundist spurningaþættir skemmtilegir.	84,6	87,6	82,1	75,8	.098	.009

Tafla 12.10: *Jákvætt mat á samræmi og samræmisleysi við nefnifallslið í nafnháttar-sambandi eða smáklausu, flokkað eftir aldri.*

Hér blasir ekkert augljóst mynstur við. Fylgnin er alls staðar mjög lítil og yfirleitt ekki marktæk. Helstu undantekningar eru *e*-dæmið, sem virðist eiga frekar upp á pallborðið hjá þeim eldri, og svo *h*-dæmið sem fær heldur betri dóma hjá þeim yngri. Skýring á þessu blasir ekki við, sbr. að þeir yngri eru líka ánægðari en þeir eldri með *g*-dæmið.

Hér má til samanburðar líta á eitt par sem var skoðað í fyrri könnun Námsmatsstofnunar, en þar voru þátttakendur, eins og áður segir, á svipuðum aldri og yngstu þátttakendurnir í Tilbrigðakönnuninni:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. N0604	Henni fundust þeir fyndnir.	21,8	30,3	47,9	100	728
b. N0616	Henni fannst þær skemmtilegar.	70,5	22,2	7,3	100	728

Tafla 12.11 *Mat á dæmum með og án samræmis við nefnifallslið í nafnháttar-sambandi eða smáklausu.*

Þessu ber ágætlega saman við niðurstöðurnar úr Tilbrigðakönnuninni (t.d. parið *e* og *f* í töflu 12.10, en þau eru sambærilegust): Samræmisleysið fær mun betri dóma en samræmið í þessum aldurshóp.

12.3.2.2 Menntun

Skoðum næst hvort finna má einhverja fylgni milli menntunar og dóma á þeim setningum sem hér eru til athugunar:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T3047	Honum sýndust vera jeppaslóðir í snjónum.	61,9	64,4	66,7	399	-.038	.449
b. T3035	Henni heyrðist vera gangtruflanir í bilnum.	54,3	49,1	51,3	397	.037	.461
c. T3100	Mér sýnast nemendurnir hafa rétt fyrir sér.	41,9	48,4	39,7	398	-.006	.908
d. T3112	Mér sýnist starfsmennirnir hafa staðið sig vel.	80,8	81,7	83,1	394	-.016	.746
e. T3057	Henni fundust þær frekar leiðinlegar.	41,9	42,8	52,6	398	-.065	.196
f. T3069	Henni fannst þær mjög skemmtilegar.	93,3	92,1	97,4	399	-.046	.364
g. T3085	Þeim hafa alltaf fundist óvissuferðir skemmtilegar.	65,7	58,4	53,8	397	.099	.049
h. T3016	Þeim hefur alltaf fundist spurningaþættir skemmtilegir.	78,1	85,0	75,6	397	.006	.900

Tafla 12.12: *Jákvætt mat á samræmi og samræmisleysi við nefnifallsandlag, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér er enga reglulega fylgni að sjá. Að vísu nær næstsiðasta dæmið því að sýna fylgni við menntun (minni menntun = jákvæðari dómur) sem er marktæk miðað við $p \leq 0,05$ markið, en þetta er veik fylgni og ekki ljóst hvað hún merkir miðað við það að enga marktæka fylgni er að sjá annars staðar.

12.3.2.3 Kyn

Þar sem engar skýrar línur í fylgni við félagslegar breytur hafa komið fram í dæmunum hér á undan er þess naumast að vænta að svo verði þegar leitað er eftir fylgni dóma við kyn þátttakenda. Tafla 12.13 sýnir niðurstöður úr þeirri athugun:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T3047	Honum sýndust vera jeppaslóðir í snjónum.	62,8	60,6	711	.029	.441
b. T3035	Henni heyrðist vera gangtruflanir í bilnum.	56,0	49,0	710	.081	.032
c. T3100	Mér sýnast nemendurnir hafa rétt fyrir sér.	50,0	47,7	712	.021	.580
d. T3112	Mér sýnist starfsmennirnir hafa staðið sig vel.	80,6	83,0	706	-.018	.635
e. T3057	Henni fundust þær frekar leiðinlegar.	50,3	36,1	712	.119	.001
f. T3069	Henni fannst þær mjög skemmtilegar.	88,2	89,8	712	-.029	.442
g. T3085	Þeim hafa alltaf fundist óvissuferðir skemmtilegar.	67,8	58,8	711	.086	.022
h. T3016	Þeim hefur alltaf fundist spurningaþættir skemmtilegir.	85,6	80,1	711	.079	.034

Tafla 12.13: *Jákvætt mat á dæmunum með og án samræmis við nefnifallslið í nafnháttarsambandi eða smáklausu, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Eins og taflan sýnir er fylgnin hvergi mikil en þó tölfræðilega marktæk við $p \leq 0,01$ markið í einu tilviki (*e*-dæmið) og nær $p \leq 0,05$ markinu í þrem öðrum. Í öllum þessum

tilvikum er fylgning á þann veg að karlarnir eru jákvæðari en konurnar. Hins vegar er ekki ljóst hvaða ályktanir á að draga af þessu því að í tveim þessara tilvika er ekki samræmi (dæmi *b* og *h*) og í tveim þeirra er samræmi (*e* og *g*). Það eru því væntanlega einhverjir aðrir hlutir en samræmið sem hafa þarna áhrif. Slíkt getur gerst þegar mörgum þátttakendum þykja báðar gerðirnar koma til greina, eins og hér er.

12.3.3 Tengsl við búsetu

Að síðustu skoðum við hvort finna má einhvern landshlutabundinn mun hér:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T3047	Honum sýndust vera jeppaslóðir í snjónum.	60,6	65,4	60,0	68,8	62,9	66,7	61,0	45,2
b. T3035	Henni heyrðist vera gangtruflanir í bílnum.	42,3	40,0	53,6	52,3	55,9	50,9	65,4	46,8
c. T3100	Mér sýnast nemendurnir hafa rétt fyrir sér.	49,5	38,5	56,0	45,0	49,4	44,4	48,1	46,8
d. T3112	Mér sýnist starfsmennirnir hafa staðið sig vel.	80,8	96,2	77,6	77,8	81,4	86,8	81,8	88,7
e. T3057	Henni fundust þær frekar leiðinlegar.	39,4	57,7	44,8	33,0	46,9	44,4	42,9	45,2
f. T3069	Henni fannst þær mjög skemmtilegar.	90,9	80,0	92,0	89,9	87,0	85,2	94,8	83,9
g. T3085	Þeim hafa alltaf fundist óvissuferðir skemmtilegar.	67,7	69,2	64,5	60,2	54,4	75,9	71,8	58,1
h. T3016	Þeim hefur alltaf fundist spurningaþættir skemmtilegir.	82,5	84,6	85,6	82,6	77,0	88,7	83,3	85,5

Tafla 12.14: *Jákvætt mat á dæmum með og án samræmis við nefnifallslið í nafnháttarsambandi eða smáklausu, flokkað eftir landshlutum.*

Hér virðist það vera nokkuð tilviljanakennt hvar einstök dæmi fá besta dóma, enda er hvergi marktækur munur á matinu eftir landshlutum samkvæmt kí-kvaðratprófinu.

12.3.4 Samantekt

Helstu niðurstöður um þessa formgerð má draga saman eins og hér er sýnt:

- Margir samþykkja hvora gerðina sem er, þ.e. bæði samræmi við nefnifallsliðinn og samræmisleysi (tafla 12.8).
- Almennt fá dæmin án samræmis þó mun betri dóma en þau sem eru með samræmi, ólíkt því sem var í einföldum setningum með nefnifallsandlagi.
- Þegar þátttakendum er gert að velja á milli samræmis og samræmisleysis í þessum dæmum velja þeir langoftast samræmisleysið (tafla 12.9).
- Dómar á þeim setningum sem hér voru til skoðunar sýndu yfirleitt ekki skýr tengsl við neinar félagslegar breytur.

12.4 Samræmi við hlutaeignarfall

12.4.1 Almenn yfirlit

Í töflu 12.15 má sjá yfirlit yfir mat þátttakenda í Könnun 2 á samræmi og samræmisleysi við hlutaeignarfall:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2047	Fjöldi nemenda vöknuðu of seint morguninn eftir.	65,2	9,9	24,9	100	751
b. T2060	Fjöldi áhorfenda fagnaði markinu innilega.	88,3	7,0	4,7	100	750
c. T2070	Meirihluti þingmanna höfnuðu tillöggunni.	75,2	6,4	18,4	100	751
d. T2080	Stór hluti starfsmanna hafnaði honum.	90,3	6,0	3,7	100	752

Tafla 12.15: *Mat á samræmi sagnar og hlutaeignarfalls.*

Hér kemur fram mynstur sem er nokkuð dæmigert fyrir breytingu sem stendur yfir og komin talsvert áleiðis, ef við gerum ráð fyrir að samræmi við aðalorðið (nefnifallið) sé upphaflegt og samræmi við hlutaeignarfallið nýjung. Upphaflega gerðin (*b* og *d*) fær betri dóma en nýjungin (*a* og *c*) en samt telur meirihluti þátttakenda að nýjungin sé eðlilegt mál. Ef við leggjum saman hlutfall þeirra sem telja *a+b* og *c+d* eðlilegt mál er niðurstaðan 153,5% og 165,5% og það sýnir auðvitað að verulegur hluti þátttakenda telur báða kosti eðlilegt mál. Þó telur enn um fjórðungur að *a*-gerðin sé ótækt mál og rúm 18% að *c*-gerðin sé ótæk en mjög fáir telja að hefðbundnu gerðirnar (*b* og *d*) séu ótækar. Ef þetta er réttur skilningur á þessum tilbrigðum má búast við því að samræmi við hlutaeignarfallið fái betri dóma hjá yngri kynslóðunum. Það væri vísbending um að nýjungin væri í sókn og gæti e.t.v. tekið við af upphaflegu gerðinni í fyllingu tímans. Við skoðum það í kafla 12.4.2, en þetta er auðvitað eitt af því sem vert væri að kanna nánar.

Í framhaldi af þessu var skoðað í Könnun 3 hvorn kostinn þátttakendur myndu velja ef þeim væri boðið upp á val á milli kosta. Niðurstaðan úr því er sýnd í töflu 12.16:

Númer	Setning	án samr.	með samr.	hvort tveggja	=	N
		talar	tala			
a. TK3.4	Helmingur nemenda tala/talar ekki íslensku.	69,8	25,4	4,8	100	709
		býr	búa			
b. TK3.7	Stór hluti íbúa býr/búa við mikla fátækt.	76,8	17,0	6,2	100	711

Tafla 12.16: *Val milli samræmisleysis og samræmis við hlutaeignarfall.*

Hér kemur ekki á óvart að mikill meirihluti velur hefðbundnu gerðina í báðum tilvikum, þ.e. samræmisleysi við hlutaeignarfall, og mjög fáir velja báða kosti þrátt fyrir að niðurstöðurnar úr töflu 12.15 sýni að mjög margir telja í raun að báðir kostir séu eðlilegt mál.¹²

¹² Hér er rétt að minna á að hóparnir sem tóku þátt í þessum tveim könnunum, þ.e. Tilbrigðakönnun 2 og Tilbrigðakönnun 3, voru algjörlega sambærilegir (sjá umræðu í kafla 2.1) þótt þátttakendur væru ekki hinir sömu nema að tiltölulega litlu leyti. Kannanirnar voru gerðar með árs millibili.

12.4.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

12.4.2.1 Aldur

Þær niðurstöður sem við höfum þegar séð benda til þess að hér sé um að ræða yfirstandandi breytingu. Með það í huga má telja líklegt að nokkur munur sé á mati aldurshópana á þeim setningum sem hér eru til umræðu. Þetta sést í töflu 12.17:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T2047	Fjöldi nemenda vöknðu of seint morguninn eftir.	76,5	70,4	52,8	59,7	.190	.000
b. T2060	Fjöldi áhorfenda fagnaði markinu innilega.	76,8	92,6	94,3	89,4	-.146	.000
c. T2070	Meirihluti þingmanna höfnuðu tillöggunni.	80,1	84,2	63,7	71,7	.142	.000
d. T2080	Stór hluti starfsmanna hafnaði honum.	84,2	93,1	92,3	91,8	-.085	.020

Tafla 12.17: *Jákvætt mat á samræmi og samræmisleysi við hlutaeignarfall, flokkað eftir aldri.*

Þessi tafla sýnir nokkuð skýra mynd. Þótt fylgnin milli dóma og aldurs sé ekki mjög sterk sjáum við strax að hún er jákvæð þegar nýjungin á í hlut (dæmi *a* og *c*) en neikvæð þegar dæmi með hefðbundnu formi eru metin (dæmi *b* og *d*, ekkert samræmi við hlutaeignarfallið). Þetta stafar af því að *ja* hefur lægra tölugildi en *nei* í tölfræðiútreikningunum og tölugildin fyrir aldurshópana eru 1, 2, 3 og 4 í aldursröð. Sambandið er þó ekki alveg línulegt en það er mjög vel marktækt í þrem fyrstu dæmunum ($p \leq 0,01$) og marktækt við $p \leq 0,05$ markið í síðasta dæminu. Taflan bendir líka til þess að samræmið við hlutaeignarfall sé ekki mjög ung nýjung, sbr. að elsti aldurshópurinn er frekar jákvæðari gagnvart henni en sá næstelsti. Hins vegar sjáum við líka að yngsti hópurinn er ólíklegastur til að telja hefðbundna formið (dæmi *b* og *d*) eðlilegt mál. Aldur þessa samræmis er auðvitað eitt af því sem mætti kanna nánar í heimildum, en þar þarf þó að gæta þess að prófarkalestur prentaðra heimilda hefur tilhneigingu til að fela nýjungar.

12.4.2.2 Menntun

Samræmi við hlutaeignarfall er eitt af því sem stundum er varað við í málfarsleiðbeiningum. Þess vegna mætti búast við að mat á því sýndi einhverja fylgni við menntun. Tafla 12.18 sýnir yfirlit yfir það. Yngsta aldurshóp er sleppt eins og áður.

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N	r	p
a. T2047	Fjöldi nemenda vöknðu of seint morguninn eftir.	65,6	64,1	37,8	469	.193	.000
b. T2060	Fjöldi áhorfenda fagnaði markinu innilega.	94,7	91,9	95,6	470	.000	.999
c. T2070	Meirihluti þingmanna höfnuðu tillöggunni.	73,3	78,2	52,7	470	.126	.006
d. T2080	Stór hluti starfsmanna hafnaði honum.	93,1	92,0	93,4	470	.002	.971

Tafla 12.18: *Jákvætt mat á samræmi og samræmisleysi við hlutaeignarfall, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér er myndin líka nokkuð skýr: Þeir sem eru háskólamenntaðir eru langólíklegastir til að samþykkja nýjungina (samræmi við hlutaeignarfallið) og fylgni við menntun er mjög vel marktæk þegar litið er á mat á þeim dæmum (*a* og *c*). Hins vegar er engin fylgni við menntun þegar mat á dæmunum í hefðbundna forminu er skoðað (*b* og *d*). Það er í samræmi við þá meginlínu sem kom fram hér á undan að í raun geti nánast allir sætt sig við hefðbundna formið. Það var helst á meðal þeirra yngstu sem hlutfallið á jákvæðu mati á því datt eitthvað niður (sjá *töflu 12.17*), en sá aldursflokkur er ekki með hér.

12.4.2.3 Kyn

Stundum kemur fram munur á mati kynjanna á setningum þegar breyting stendur yfir. Eins og fram kemur í *töflu 12.19* er svo ekki hér:

Númer	Setning	kk	kvk	N	r	p
a. T2047	Fjöldi nemenda vöknðu of seint morguninn eftir.	66,5	64,1	751	.016	.668
b. T2060	Fjöldi áhorfenda fagnaði markinu innilega.	87,2	89,3	750	-.035	.341
c. T2070	Meirihluti þingmanna höfnuðu tillöggunni.	74,2	76,2	751	-.027	.460
d. T2080	Stór hluti starfsmanna hafnaði honum.	90,7	89,9	752	.012	.742

Tafla 12.19: *Jákvætt mat á dæmum með og án samræmis við hlutaeignarfall, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Hér er hvergi um að ræða marktæka fylgni milli dóma um setningarnar og kyns þátttakenda.

12.4.3 Tengsl við búsetu

Eins og áður getum við athugað hvort finna má einhver tengsl milli mats á þeim dæmum sem eru til skoðunar og þeirra landshluta sem þátttakendur búa í. *Tafla 12.20* sýnir niðurstöðurnar úr því:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T2047	Fjöldi nemenda vöknudu of seint morguninn eftir.	60,5	64,9	73,0	62,8	54,1	74,4	71,4	63,4
b. T2060	Fjöldi áhorfenda fagnaði markinu innilega.	87,7	87,7	91,4	87,0	85,9	90,2	82,5	90,3
c. T2070	Meirihluti þingmanna höfnuðu tillöggunni.	67,9	77,0	82,5	76,6	68,7	77,8	80,7	71,0
d. T2080	Stór hluti starfsmanna hafnaði honum.	90,1	90,4	92,9	91,0	91,1	89,0	96,4	81,7

Tafla 12.20: *Jákvætt mat á dæmum með og án samræmis við hlutaeignarfall, flokkað eftir landshlutum.*

Þótt matið sveiflist talsvert eftir landshlutum virðast þær sveiflur nokkuð tilviljanakenndar þegar á heildina er litið. Mesti munur virðist á mati þátttakenda á fyrsta dæminu og samkvæmt kí-kvaðratprófinu er hann tölfræðilega marktækur ($p = 0,007$; kí-kvaðratgildið er 30,38 en vendigildið er 29,14 miðað við $p = 0,01$ og 14 frelsisgráður). Í öðrum tilvikum er ekki marktækur munur eftir landshlutum á mati þátttakenda.¹³ Hér má þó benda á að dæmin tvö sem vikja frá hefðinni (*a* og *c*) fá bæði sísta dóma í Reykjavík og á Norðurlandi eystra, en slík líkindi milli mats þátttakenda í Reykjavík og á Norðurlandi eystra má finna víðar í niðurstöðum Tilbrigðaverkefnisins.

12.4.4 Samantekt

Helstu niðurstöður um samræmi við hlutaeignarfall má draga saman eins og hér sést:

- Hér koma fram talsverð tilbrigði. Langflestir telja hefðbundnu gerðina (ekkert samræmi við hlutaeignarfall) reyndar eðlilegt mál en 65–75% telja þó að nýjungin (tölusamræmi við hlutaeignarfall) sé líka eðlilegt mál (tafla 12.15).
- Mjög margir geta sætt sig við hvorn kostinn sem er. Ef þátttakendum er gert að velja á milli kosta taka samt langflestir hefðbundnu gerðina framyfir, en 17–25% velja þó samræmið frekar en samræmisleysið (tafla 12.16).
- Nokkur fylgni er við aldur og þá í aðalatriðum á þá leið að yngri aldurshóparnir eru líklegri en þeir eldri til að samþykkja dæmi með samræmi við hlutaeignarfall og dæmin án samræmis fá ekki eins jákvæða dóma hjá yngsta aldurshópnum og þeim eldri (tafla 12.17).
- Þeir sem mesta menntun hafa (háskólamenntun) eru ólíklegri en aðrir til að samþykkja dæmi með samræmi við hlutaeignarfall. Aftur á móti er engin marktæk fylgni við menntun þegar litið er á dóma um setningar án samræmis við hlutaeignarfall (tafla 12.18).
- Búseta þátttakenda hefur aðeins marktæk áhrif á mat þeirra í einu tilviki.
- Kyn þátttakenda virðist ekki skipta máli fyrir mat þeirra á þessum dæmum.

¹³ Frelsisgráður eru hér 14 og vendigildið er þá 29,14 miðað við $p \leq 0,01$ markið og 23,68 miðað við $p \leq 0,05$ markið. Í fyrsta dæminu er kí-kvaðratgildið 30,27 en í hinum dæmunum er það í öllum tilvikum undir 20.

12.5 Samræmismörk

12.5.1 Almenn yfirlit

Hér voru þátttakendur ekki beðnir að meta einstakar setningar en val þeirra á milli tveggja eða fleiri kosta var kannað í þrem tilvikum. Lítum fyrst á dæmin í *töflu 12.21*, en þar mátti velja milli tveggja kosta:

Númer	Setning	ein- tala	fleir- tala	hvort tveggja	=	N
		spilaði	spiluðu			
a. TK1.15	Í svörtum fötum spilaði/spiluðu til klukkan þrjú.	35,2	54,6	10,2	100	767
		er	eru			
b. TK1.3	Hann veit að tveir plús tveir er/eru fjórir.	2,5	95,2	2,3	100	766

Tafla 12.21: Val milli eintölu og fleirtölu með hljómsveitarnafni og í samlagningu.

Hér má sjá að meirihluti þátttakenda velur fleirtöluna með hljómsveitarnafninu *Í svörtum fötum* og næstum allir velja fleirtölu með samlagningunni *tveir plús tveir*. Tafla 12.22 sýnir svo hvers konar samræmismyndir voru valdar með íþróttafélagsnafninu *FH*, en þar var um ýmsa kosti að velja:

Númer	Setning	ein- tala	fleir- tala	blanda	=	N
		var búið	voru búnir	var búnir		
ÞK3.4	FH var búið/voru búnir/var búnir að hafa forystu ...	34,6	57,1	0,6	92,3	711

Tafla 12.22: Val samræmismynda með nafni á íþróttafélagi.

Meirihlutinn velur *kk.ft. (voru búnir)* og kannski hafa þá einhverjir haft nafnið *FH-ingar* í huga. Rúmur þriðjungur valdi hvorugkyn eintölu eða samræmisleysi (*var búið*). Nánast engir völdu eintölu af persónubeygðu sögninni (*var*) og *kk.ft. (búnir)* af lýsingarhættinum. Þó töldu 2,7% að ýmist væri hægt að segja *var búnir* eða *voru búnir* en 5,1% taldi að kostirnir *var búið* og *voru búnir* kæmu báðir til greina.

12.5.2 Tengsl við aldur, menntun og kyn

12.5.2.1 Aldur

Okkur grunaði að það væri einkum yngra fólk sem veldi fleirtölumynd af sögn með nöfnum hljómsveita og íþróttafélaga á borð við þau sem hér eru til skoðunar, þ.e. við töldum semmílegt að þetta væri nýjung. Tafla 12.23 sýnir að hvaða marki það var rétt hugboð:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70
a. TK1.15	Í svörtum fötum spilaði til klukkan þrjú.	40,4	32,7	38,5	28,4
b. TK1.15	Í svörtum fötum spiluðu til klukkan þrjú.	53,7	52,0	50,5	63,1
c. TK1.15	merkt við báða kosti	5,9	15,3	10,9	8,5
d. ÞK3.4	FH var búíð að hafa forystu ...	20,1	34,1	44,0	43,0
e. ÞK3.4	FH voru búnir að hafa ...	75,4	53,6	45,2	50,9
f. ÞK3.4	blandað val	4,4	12,3	0,8	6,1

Tafla 12.23: Val á milli ólíkra samræmismynda með heiti hljómsveitar og íþróttafélags, flokkað eftir aldri.

Hér kemur dálítið á óvart að í fyrra tilvikinu eru það frekast þeir yngstu sem velja eintölumyndina og þeir elstu sem velja fleirtölumyndina. Í síðara dæminu snýst þetta við. Setningapörin eru að visu ekki alveg sambærileg og valkostirnir voru ekki jafnmargir (sjá umræðu á eftir *töflu 12.22*). En samkvæmt kí-kvaðratprófinu er munurinn á mati aldurshópanna samt marktækur í báðum tilvikum ($p < 0,01$). Í fyrra tilvikinu var kí-kvaðratgildið 17,28 en vengildið miðað við $p = 0,01$ og 6 frelsisgráður er 16,81. Í því síðara var kí-kvaðratgildið 55,31 en vengildið miðað við $p = 0,01$ og 12 frelsisgráður er 26,22.¹⁴

12.5.2.2 Menntun

Tafla 12.24 sýnir sams konar flokkun eftir menntun, en þar er yngsta aldurshópnum þó sleppt þar sem hann hefur ekki átt kost á neinni menntun eftir grunnskóla:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	N
a. TK1.15	Í svörtum fötum spilaði til klukkan þrjú.	22,5	36,4	52,6	541
b. TK1.15	Í svörtum fötum spiluðu til klukkan þrjú.	67,6	49,5	39,5	
c. TK1.15	merkt við báða kosti	9,9	14,1	7,9	
d. ÞK3.4	FH var búíð að hafa forystu ...	35,2	45,4	52,6	399
e. ÞK3.4	FH voru búnir að hafa ...	54,3	44,9	33,3	
f. ÞK3.4	blandað val	10,5	9,7	14,1	

Tafla 12.24: Val á samræmismyndum með heiti hljómsveitar og íþróttafélags, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.

Hér er myndin nokkuð skýr: Þeir sem hafa mesta menntun eru líklegastir til að velja eintöluformið í báðum tilvikum og þeir sem hafa minnsta menntun eru velja frekar fleirtöluformið. Samkvæmt kí-kvaðratprófinu er þetta mjög vel marktækt í fyrra tilvikinu ($p \leq 0,01$) en myndin er flóknari í því síðara og þar er fylgnin ekki tölfræðilega marktæk ef allir valkostir eru teknir með ($p = 0,07$). Í fyrra tilvikinu var kí-kvaðratgildið 28,35 en vengildið miðað við $p = 0,01$ og fjórar frelsisgráður er 13,28. Í því síðara var kí-kvaðratgildið 14,47 en vengildið miðað við $p = 0,05$ og átta frelsisgráður er 15,51.

¹⁴ Ekki var hægt að beita einföldu fylgniprófi (finna Spearman fylgni) vegna þess að ekki var röklegt samband á milli valkostanna eins og þeir voru kóðaðir.

12.5.2.3 Kyn

Í töflu 12.25 sést hvort finna má einhverja fylgni við kyn:

Númer	Setning	kk	kvk	N
a. TK1.15	Í svörtum fötum spilaði til klukkan þrjú.	34,4	36,1	767
b. TK1.15	Í svörtum fötum spiluðu til klukkan þrjú.	53,4	55,9	
c. ÞK3.4	FH var búíð að hafa forystu ...	40,9	28,4	711
d. ÞK3.4	FH voru búnir að hafa ...	49,9	64,2	

Tafla 12.25: Val á samræmismyndum með heiti hljómsveitar og íþróttafélags, flokkað eftir kyni þátttakenda.

Hér sést vel að það er engin fylgni við kyn í fyrra parinu. Í því síðara er hins vegar mjög greinilegur munur á vali kynjanna: Karlarnir velja mun frekar eintölumyndina (FH var búíð ...) en konurnar og þetta snýst við þegar fleirtölumyndin er skoðuð (FH voru búnir...). Samkvæmt kí-kvaðratprófinu er þessi munur marktækur ($p = 0,029$ og kí-kvaðratgildið er 17,10 en vengildið er 15,51 miðað við $p = 0,05$ og átta frelsisgráður). Ekki liggur í augum uppi hvernig gæti staðið á þessu. Eins og fram kemur í öðrum köflum er það ekki svo að konur velji endilega fremur nýjungina í þeim tilbrigðum sem voru til skoðunar í Tilbrigðaverkefninu. En auðvitað væri vert að skoða hvenær það gerist og hvenær ekki.

12.5.3 Tengsl við búsetu

Athugum loks hvort þátttakendur velja mismunandi kosti eftir því í hvaða landshluta þeir búa. Þetta er sýnt í töflu 12.26:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. TK1.15	Í svörtum fötum spilaði ...	38,2	27,8	30,0	34,3	39,8	39,8	30,5	35,4
b. TK1.15	Í svörtum fötum spiluðu ...	50,9	63,0	60,9	53,3	49,6	54,2	50,8	57,5
c. ÞK3.4	FH var búíð að hafa ...	31,6	23,1	29,8	34,9	38,8	31,5	46,2	30,6
d. ÞK3.4	FH voru búnir að hafa ...	61,2	73,1	60,5	54,1	55,0	50,0	50,0	62,9

Tafla 12.26: Val á samræmismyndum með heiti hljómsveitar og íþróttafélags, flokkað eftir landshlutum.

Eins og oft áður eru talsverðar sveiflur hér milli landshluta. Athygli vekur að fleirtölumyndirnar fá besta dóma á Reykjanesi í báðum tilvikum.¹⁵ Munurinn á landshlutunum í heild er þó ekki tölfræðilega marktækur í fyrra tilvikinu (a- og b-dæmin) en hann er það í því seinna. Þar er $p = 0,000$ (kí-kvaðratgildið er 67,96 en vengildið er 48,28 miðað við $p = 0,01$ og 28 frelsisgráður.

¹⁵ Kannski tengist þetta að einhverju leyti því að hlutfall þátttakenda með háskólamenntun var heldur lægra á Reykjanesi en í öðrum landshlutum í þessari könnun, eða 4,7% ef miðað er við heildarfjölda þátttakenda á svæðinu. Í öðrum könnunum hafði Reykjanes ekki þessa sérstöðu. Hugsanleg vixlverkun breytanna **menntun** og **búseta** er nokkuð sem vert væri að skoða nánar en almennt er gert í þessari bók, eins og vikið var að í 6. kafla.

12.5.4 Samantekt

Aðalatriði þessa undirkafla má þá draga saman eins og hér er sýnt:

- Nánast engir velja eintölumyndina *er* með samlagningunni *tveir plús tveir* (tafla 12.21). Meiri tilbrigði koma fram í vali á milli kosta þar sem frumlagið er nafn á hljómsveit eða íþróttafélagi. Í heildina eru fleirtölumyndirnar þó vinsælli í báðum tilvikum (*Í svörtum fötum spiluðu* og *FH voru búnir að ...*) (töflur 12.21 og 12.22).
- Það er marktækur munur á vali aldurshópanna á milli eintölu- og fleirtölumynda. Þeir yngri eru marktækt líklegri en þeir eldri til að velja eintölumyndina *spilaði* með hljómsveitarnafninu *Í svörtum fötum*. Þegar íþróttafélagið FH á í hlut snýst þetta við: Þeir yngri eru mun líklegri en þeir eldri til að velja fleirtölumyndina *FH voru búnir að ...* (tafla 12.23).
- Það er líka marktæk fylgni við menntun: Þeir sem mesta menntun hafa eru líklegastir til að velja eintöluformið í báðum tilvikum: *Í svörtum fötum spilaði ...*, *FH var búin að ...* (tafla 12.24).
- Konur eru marktækt líklegri en karlar til að velja fleirtöluformið *FH voru búnir að ...* en það er ekki marktækur munur á kynjunum að því er varðar val á milli eintölu eða fleirtölu sagnar með hljómsveitarnafninu (12.25).
- Valið á þessum samræmismyndum er nokkuð mismunandi eftir landshlutum. Fleirtölumyndirnar eru í báðum tilvikum vinsælastar á Reykjanesi. Í heildina er munur milli landshluta þó aðeins tölfræðilega marktækur þegar litið er á val á milli *FH var búin að ...* og *FH voru búnir að ...* Sá kostur er, eins og áður segir, vinsælli á Reykjanesi en annars staðar (mest nálægð við FH!) en Vestfirðingar kunna síst að meta fleirtöluna (tafla 12.26).

12.6 Lokaorð

Í þessum kafla hefur verið sagt frá tölfræðilegum niðurstöðum um býsna mörg atriði sem varða beygingarsamræmi á einhvern hátt. Ýmiss konar breytileiki hefur komið í ljós og í mörgum tilvikum geta málnotendur bæði samþykkt samræmi og samræmisleysi. Þetta á t.d. við um samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum, samræmi við nefnifall í nafnháttarsamböndum eða smáklausum og samræmi við hlutaeignarfall. Það er m.ö.o. talsvert um innri breytileika hér. Það sem mesta athygli vekur er líklega þetta:

- Allmargir samþykkja bæði samræmi við nefnifallsandlag og samræmisleysi.
- Hugmyndir fræðimanna um það hvort þágufallsliðir á milli sagnar og nefnifallsandlags geti hindrað samræmið fá mismikinn stuðning. Hugmyndir Holmbergs og Þorbjargar Hróarsdóttur (2003) um almenna þágufallshindrun fá engan stuðning en hugmyndir Halldórs Ármanns Sigurðssonar og Holmbergs (2008) fá nokkurn stuðning.
- Í ósamsettum málsgreinum fá dæmin með samræmi við nefnifallsandlag yfirleitt heldur betri dóma en dæmin með samræmisleysi, en í málsgreinum með nafnháttarsamböndum og smáklausum snýst þetta við.
- Þótt allmargir telji samræmi við hlutaeignarfall eðlilegt mál eru þeir þó fleiri sem telja hefðbundnu gerðina (samræmi við nefnifallsliðinn og ekki við eignarfallið) eðlilegt mál og flestir velja líka þann kost þegar það er í boði. Þó telja margir hvort tveggja koma til greina.

- Þeir eldri eru yfirleitt hrifnari en þeir yngri af samræmi við nefnifallsandlag í einföldum setningum en samsvarandi fylgni við aldur kemur ekki fram þegar litið er á samræmi við nefnifallsliði í nafnháttarsamböndum eða smáklásum.
- Samræmi við hlutaeignarfall fær yfirleitt betri dóma hjá þeim yngri en þeim eldri.
- Fylgni dóma við aðrar félagslegar breytur eða búsetu var yfirleitt ekki skýr og dómar um þau samræmismörk sem hér voru könnuð voru með ýmsu móti.

Af þessu má helst draga þá ályktun að samræmi við hlutaeignarfall sé í sókn en samræmi við nefnifallsandlag frekar á undanhaldi. Samræmi við nefnifallsandlag er nánar rætt í 27. kafla.

Rit sem vísað er til í þessum kafla

- Bobaljik, Jonathan. 2008. Where's *phi*? Agreement as a Post-Syntactic Operation. David Adger, Susana Béjar og Daniel Harbour (ritstj.): *Phi-Theory. Phi Features across Interfaces and Modules*. Oxford University Press, Oxford.
- Boeckx, Cedric. 2000. Quirky Agreement. *Studia Linguistica* 54(3):354–380.
- Elva Díana Davíðsdóttir. 2008. *Mér leiðast bókmenntatímarnir. Könnun á samræmi sagnar við nefnifallsandlag á Húsavík*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir. 2011. *Samræmi og samræmisleysi. Lífandi tilbrigði í íslensku máli*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir. 2014. *Leikmennirnir eru allar góðar í handbolta. Ramsókn á kynjanotkun í máli karlþjálfara íþróttaliða kvenna*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson. 2001. An Optimality Theory analysis of agreement in Icelandic DAT-NOM constructions. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 68:15-47.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1990–1991. Beygingarsamræmi. *Íslenskt mál* 12–13:31–77.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1992. Um beygingarsamræmi og málkunnáttu. *Íslenskt mál* 14:63–87.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1996. Icelandic Finite Verb Agreement. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 57:1–46.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2000. The Locus of Case and Agreement. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 65:65–108.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2004. Agree and Agreement. Evidence from Germanic. Werner Abraham (ritstj.): *Focus on Germanic Typology*, bls. 61–103. *Studia Typologica* 6. Akademie Verlag, Berlin.
- Halldór Ármann Sigurðsson og Anders Holmberg. 2008. Icelandic Dative Intervention: Person and Number are Separate Probes. Roberta D'Alessandro, Susann Fischer og Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson (ritstj.): *Agreement Restrictions*, bls. 251–279. Mouton de Gruyter, Berlin.
- Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson. 2013. Case in Disguise. Beatriz Fernández og Ricardo Etxepare (ritstj.): *Variation in Datives. A Microcomparative Perspective*, bls. 96–143. Oxford University Press, Oxford.
- Holmberg, Anders, og Þorbjörg Hróarsdóttir. 2003. Agreement and Movement in Icelandic Raising Constructions. *Lingua* 113:997–1019.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes

- Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. 2013. Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar. *Íslenskt mál* 35:57–127.
- Jón G. Friðjónsson. 1990–1991. Beygingarsamræmi með samsettu frumlagi. *Íslenskt mál* 12–13:79–103.
- Schütze, Carson T. 2003. Syncretism and Double Agreement with Icelandic Nominative Objects. Lars-Olof Delsing, Cecilia Falk, Gunlög Josefsson og Halldór Ármann Sigurðsson (ritstj.): *Grammatik i fokus / Grammar in Focus II*, bls. 295–303. Festschrift for Christer Platzack 18 November 2003. Department of Scandinavian Languages, Lunds universitet, Lund.
- Taraldsen, Knut Tarald. 1995. On Agreement and Nominative Objects in Icelandic. Hubert Haider, Susan Olsen og Sten Vikner (ritstj.): *Studies in Comparative Germanic Syntax*, bls. 307–327. Kluwer, Dordrecht.
- Ussery, Cherlon. 2009. *Optionality and Variability: Syntactic Licensing Meets Morphological Spell-out*. Doktorsritgerð, University of Massachusetts, Amherst.

SUMMARY

This chapter gives an overview of the variation found in different kinds of verbal agreement, namely the following:

- Agreement vs. non-agreement with nominative objects in simplex sentences with dative subjects, e.g. *Jóni líka/líkar þessar bækur* ‘John likes these books’, where *Jóni* is a dative singular subject, *þessar bækur* ‘these books’ a nominative plural object and the verb *líka* ‘like’ can either show up in the default 3rd person singular or agree in number with the nominative plural object.
- Agreement vs. non-agreement with nominative NPs in infinitival (or small clause) constructions like *Jóni sýnast/sýnist hestarnir (vera) feitir* ‘John finds the horses (to be) fat’, where *Jóni* is a dative matrix subject, *hestarnir* a nominative NP that is semantically the subject of the infinitival (or small clause) complement and the verb *sýnast* ‘find, seem’ can either show agreement with the nominative *hestarnir* ‘the horses’ or show up in the default 3rd person singular.
- Agreement with the partitive genitive in constructions like *Hluti þátttakenda kemur/koma frá Danmörku* lit. ‘A part of the participants come from Denmark’ (i.e. ‘Some of the participants come from Denmark’) where *hluti* ‘a part’ is the head noun of the NP *hluti þátttakenda* ‘part/some of the participants’ and *þátttakenda* ‘participants’ is a plural partitive genitive (cf. the translation of the example). Here the verb *koma* ‘come’ can either agree with the singular nominative *hluti* or take on the plural form because the genitive is plural.
- Investigation of the “limits” of grammatical agreement. First, it was tested whether speakers could use the singular form of the verb in constructions like *Tveir plús tveir er/eru fjórir*, lit. ‘Two plus two is/are four.’ Second, the participants were asked to evaluate examples where a finite verb shows or does not show plural agreement with singular nouns that are “semantically plural” in some sense, e.g. names of bands, soccer clubs, etc. Example: *FH vinnur/vinna áreiðanlega* ‘FH is definitely going to win’, where *FH* is an abbreviation for a

singular noun phrase, which is the name of a sports team (in the present context a soccer team was meant). In other instances verbal agreement in Icelandic is (or has been) quite strictly grammatical.

The first two types of agreement listed here have aroused great interest among theoretical linguists (cf. the the list of references) and they have typically been lumped together as instances of agreement with a non-subject where the subject is dative (comparable examples with accusative or genitive subjects do not seem to exist). Thus Anders Holmberg and Þorbjörg Hróarsdóttir (2003) proposed that a dative intervening between the finite verb and the nominative non-subject would block the agreement and this has frequently been cited in the literature. Halldór Ármann Sigurðsson and Holmberg later (2008) refined this proposal and suggested that speakers of Icelandic can roughly be divided into three groups with respect to this kind of agreement: Speakers who allow agreement with nominative non-subject whether a dative is intervening or not, speakers who only allow this kind of agreement when no dative intervenes, and speakers who do not allow agreement with non-subject NPs at all.

The main results of this investigation can be summarized as follows:

- In simplex sentences more speakers accept agreement with nominative objects than non-agreement, but there is considerable intra-speaker variation, i.e. many speakers accept both variants (*table 12.1*).
- The dative intervention proposal as formulated by Holmberg and Þorbjörg Hróarsdóttir (2003) is not supported by the results, whereas the data are compatible with the proposal made by Halldór Ármann Sigurðsson and Holmberg (2008). It seems, however, that a dative intervention only has an effect on few speakers (cf. *table 12.1*).
- Non-agreement is more likely to be accepted by the young speakers (*table 12.3*).
- In examples with infinitival or small clause complements, more speakers accept non-agreement than agreement and speakers are also more likely to select the non-agreement variant when presented with a choice (*tables 12.8 and 12.9*).
- Most speakers accept agreement with the nominative head of partitive genitive phrases although many speakers also accept agreement with the partitive genitive itself (*table 12.15*). Speakers are also more likely to select the alternative agreeing with the nominative than the one showing partitive genitive agreement when presented with a choice (*table 12.16*).
- Younger speakers are more likely than older ones to accept agreement with the partitive genitive (*table 12.17*).
- The participants with university education were more reluctant than the others to accept examples where the verb agrees with a partitive genitive (*table 12.18*).
- Virtually no subjects accepted the singular form of the verb in examples like “Two plus two is four” (*table 12.21*).
- The higher the educational level of the participants, the more reluctant they were to accept plural forms of verbs with names of bands or soccer clubs that do not appear to be grammatically plural noun phrases in the nominative (the name of the band is in fact a prepositional phrase, the name of the soccer club is grammatically singular, cf. *table 12.24*).
- As a rule there was no consistent correlation between judgments of these constructions and the geographical area that the speakers come from. The only exception was that plural forms of verbs with singular names of bands and soccer clubs were more commonly accepted in South-Western Iceland than

elsewhere (*table 12.26*). This may be due to the fact that the proportion of speakers with university education was lower there than elsewhere in this particular survey (most of the data here come from survey 2), cf. the preceding bullet.